


Kjaratölfræðinefnd
Nóvember 2024

KJARATÖLFRÆÐI

Haustskýrsla 2024



Efnahagsmál

Vinnumarkaður

Laun og launabróun

Kjarasamningar

Laun eftir heildarsamtökum

KJARATÖLFRÆÐI

Haustskýrsla 2024

Kjaratölfræðinefnd

Nefndina skipa:

Hrafnhildur Arnkelsdóttir

formaður

Einar Mar Þórðarson

fjármála- og efnahagsráðuneyti

Helgi Aðalsteinsson

Samband íslenskra sveitarfélaga

Hildur Erna Sigurðardóttir

Hagstofa Íslands

Konráð S. Guðjónsson

forsætisráðuneyti

Oddur S. Jakobsson

Kennarasamband Íslands

Ólafur Garðar Halldórsson

Samtök atvinnulífsins

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir

BSRB

Sigrún Brynjarsdóttir

Bandalag háskólamanna

Vignir Örn Hafþórsson

félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Þórir Gunnarsson

Alþýðusamband Íslands

Arnaldur Sölvi Kristjánsson

og Henný Hinz

Sérfræðingar

Kristín Jóna Þorsteinsdóttir

Umbrot

Efnisyfirlit

Inngangur	6
1. Efnahagsmál	7
1.1. Samantekt.....	7
1.2. Hagþróun	8
1.3. Verðlag.....	11
1.4. Vextir	14
1.5. Fjármál hins opinbera.....	15
1.6. Atvinnugreinar og samkeppnishæfni.....	17
1.7. Fjárhagsstaða heimila.....	21
2. Vinnumarkaður	24
2.1. Samantekt.....	24
2.2. Íslenskur vinnumarkaður.....	24
2.3. Þróun vinnumarkaðar	28
2.4. Innflytjendur á íslenskum vinnumarkaði.....	31
3. Laun og launaþróun.....	34
3.1. Samantekt.....	34
3.2. Launaþróun	35
3.3. Kaupmáttur launa.....	38
3.4. Vægi markaða og heildarsamtaka	39
3.6. Launastig	40
3.7. Launadreifing.....	43
4. Kjarasamningar.....	46
4.1. Samantekt.....	46
4.2. Helstu kjarasamningar 2024.....	46
5. Laun eftir heildarsamtökum.....	54
5.1. Inngangur.....	54
5.2. ASÍ.....	54
5.3. BHM	58
5.4. BSRB.....	61
5.4. KÍ.....	64
Viðaukar	66

Samantekt skýrslu

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru:

Laun, launaþróun og kjarasamningar

- Langtímakjarasamningar hafa verið undirritaðir fyrir 80-90% launafólks á vinnumarkaði í þessari samningalotu sem hófst í febrúar á þessu ári.
- Á opinbera markaðnum er samningum lokið við flest félög innan ASÍ og BSRB og hluta félagsmanna BHM. Ósamið er við ríflega helming launafólks innan BHM, öll aðildarfélög KÍ sem og lækna og hjúkrunarfræðinga sem standa utan heildarsamtaka. Áætla má að í heildina sé ósamið við um 24 þúsund manns á opinberum markaði.
- Samningum er lokið fyrir allflest launafólk á almennum markaði og áætla má að samið hafi verið við um helming launafólks hjá ríkinu og sveitarfélögum utan Reykjavíkur og allflest launafólk hjá Reykjavíkurborg í þessari kjaralotu að kennurum undanskildum sem borgin semur við í samfloti við önnur sveitarfélög.
- Launaþróun það sem af er samningstímabilinu er því nokkuð ólík eftir mörkuðum. Laun hafa hækkað mest á almennum markaði þar sem samningum nær allra er lokið en minna á opinberum markaði þar sem stórir hópar eru enn með lausa samninga.
- Á almennum markaði hækkaði grunntímakaup um 5,2% á tímabilinu frá febrúar til júlí á þessu ári en hækkunin nam um 2,9% hjá Reykjavíkurborg og rúmlega 2% hjá ríki og sveitarfélögum utan Reykjavíkur.
- Í þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið í þessari samningalotu var farin blönduð leið krónutöluhækkana og prósentuhækkana og eru launahækkanir því hlutfallslega mestar á lægri laun.
- Að teknu tilliti til verðlagsþróunar jókst kaupmáttur grunntímakaups um 1,5% frá febrúar og fram júlí. Mest á almennum vinnumarkaði þar sem samningum allflestra var lokið en kaupmáttur rýrnaði hins vegar eða stóð í stað á opinberum vinnumarkaði þar sem enn var ósamið við stóra hópa.
- Regluleg laun allra fullvinnandi á vinnumarkaði voru að meðaltali 821.000 kr. í maí 2024. Meðallaun voru hæst á almenna vinnumarkaðnum hvort sem litið er til grunnlauna, reglulegra launa eða reglulegra heildarlauna en launadreifing er meiri á almennum markaði en hjá hinu opinbera.
- Áhersla á krónutöluhækkanir í kjarasamningum á undanförunum árum, sem hafa skilað hlutfallslega mestri hækkun lægstu launa, hefur leitt til þess að munur á hæstu og lægstu launum á vinnumarkaðnum hefur dregist saman og tíundastuðlar lækkað markvert.

Efnahags- og vinnumarkaðsmál

- Eftir þrjú ár með kröftugum hagvexti hefur hægt á umsvifum í efnahagslífinu og útlit fyrir óverulegan hagvöxt í ár.
- Verðbólga hefur farið nokkuð hratt lækkandi undanfarna mánuði en verðbólguvæntingar eru enn talsvert yfir 2,5% verðból gumarkmiði Seðlabanka Íslands og spár gera ekki ráð fyrir að það náist fyrr en undir lok árs 2026.
- Afkoma ríkissjóðs án vaxtatekna og -gjalda var jákvæð um 0,5% í fyrra en versnandi efnahagsástand vegur nú á móti aðhaldi í ríkisfjármálum og útlit fyrir að afkoman breytist lítið næstu árin.
- Framleiðni vinnuafis jókst um 1,8% að meðaltali á ári á síðustu fimm árum sem er langtum meiri vöxtur en á hinum Norðurlöndunum. Talsverður munur er á framleiðnivexti milli atvinnugreina en mestur hefur hann verði á tímabilinu í verslun og sjávarútvegi en minnstur í iðnaði og byggingarstarfsemi.
- Launahlutfallið sem endurspeglar hlutdeild launafólks í verðmætasköpun hagkerfisins hefur á síðustu fimm árum í heildina lækkað um 1,2 prósentustig og lækkað í öllum atvinnugreinum en þó mismikið.
- Kaupmáttur launa jókst um 0,5% á fyrri helmingi þessa árs samanborið við sama tímabil í fyrra en vegna hárra vaxta og verðbólgu dróst kaupmáttur ráðstöfunartekna lítillega saman.
- Eiginfjárstaða heimila hefur batnað á síðustu árum og skuldastaða er almennt góð í sögulegu tilliti en mikill munur er á stöðu heimila á eigna- og leigumarkaði m.a. hvað varðar aðgengi inn á fasteignamarkaðinn og möguleikum til að bregðast við hækkun húsnæðiskostnaðar. Vaxtagjöld sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hjá heimilum með íbúðalán hafa hins vegar farið vaxandi einkum hjá yngra fólki.
- Dregið hefur úr spennu á vinnumarkaði samhliða hægari efnahagsumsvifum og starfandi fólki fjölgar nú hæggar en undanfarin misseri. Atvinnuleysi er þó áfram lágt og atvinnuþátttaka mikil.
- Innflytjendum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað hratt síðustu ár en hlutdeild þeirra hefur á síðustu tveimur áratugum farið úr 6% starfandi fólks í tæplega fjórðung.
- Þátttaka innflytjenda á vinnumarkaði hér á landi er ein sú mesta meðal OECD þjóða. Lítil munur er á hlutfalli starfandi innflytjenda og þeirra sem eru með íslenskan bakgrunn.
- Í samanburði við önnur lönd eru innflytjendur á Íslandi vel menntaðir og algengara að þeir sinni starfi sem er ekki í samræmi við menntunarstig þeirra en fólk með íslenskan bakgrunn. Kunnátta innflytjenda á tungumáli búseturíkis er þó lítil hér á landi í samanburði við önnur OECD ríki.

Inngangur

Kjaratölfræðinefnd er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði um tölfræði vegna kjarasamningsgerðar. Nefndin hóf störf í desember 2019 og eru fulltrúar í henni frá forsætisráðuneyti, félags- og vinnu-
málamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Hagstofu Íslands. Með nefndinni var stofnað til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu talnaefnis um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga. Þessi skýrsla er níunda skýrsla nefndarinnar og markmið hennar eins og fyrri skýrslna að fyrir liggja áreiðanlegar upplýsingar og sameiginlegur skilningur aðila um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma. Ríkissáttasemjari hýsir nefndina og leggur til fundar- og starfsaðstöðu. Sérfræðingar nefndarinnar eru Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Henný Hinz. Nefndin fjallar um gögn sem liggja til grundvallar kjarasamningagerð á hverjum tíma og eru grundvöllur fyrir launamyndun á vinnumarkaði. Nefndin tekur engan þátt í kjarasamningum og breytir ekki hlutverkum eða stöðu þeirra aðila sem að nefndinni standa. Kjaratölfræðinefnd gefur út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti.

Að þessu sinni skiptist skýrslan í fimm meginkafla sem fjalla um efnahagsmál, vinnumarkað, laun og launaþróun sem flokkað er eftir mörkuðum og heildarsamtökum launafólks, kjarasamninga gerða í yfirstandandi samningalotu, auk sérstakrar umfjöllunar um heildarsamtök launafólks eftir mörkuðum. Í skýrslunni er áhersla lögð á yfirstandandi kjarasamningslotu og miðað við að hún hafi hafist í febrúar 2024. Ítarlegt talnaefni um laun og launaþróun má finna í gagnasafni á vef kjaratölfræðinefndar, <https://www.ktn.is/gagnasafn-og-fleira>. Kjaratölfræðinefnd vinnur með Hagstofu Íslands og er starfsfólki hennar þakkað gott samstarf við undirbúning skýrslunnar. Enn fremur er Gísla Má Gíslasyni Hagstofu Íslands þökk-
uð aðkoma að gerð skýrslu í fjarveru Hildar Ernu Sigurðardóttur.

1. Efnahagsmál

1.1. Samantekt

Eftir þrjú ár með kröftugum hagvexti hefur hægt á umsvifum í efnahagslífinu. Spár gera ráð fyrir að hagvöxtur verði óverulegur í ár og að hagkerfið leiti jafnvægis á næstu árum með hagvexti í kringum 2,5% á ári næstu þrjú ár.

Verðbólga fór nokkuð hratt lækkandi þegar líða tók á árið 2023, úr 10% í upphafi árs í 7,7% í árslok 2023. Hægar dró úr verðbólgu á fyrri hluta ársins 2024 en á tímabilinu frá ágúst til október lækkaði verðbólga samanlagt um tæpt prósentustig, niður í 5,1%. Verðbólguvæntingar undanfarið hafa verið talsvert yfir 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabanka en heldur hefur dregið úr þeim undanfarið. Samkvæmt spám mun verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands ekki nást fyrr en í árslok 2026. Stýrivextir voru lækkaðir í 9% í lok október eftir að hafa verið óbreyttir í 9,25% frá því í ágúst 2023. Væntingar á markaði gefa til kynna að stýrivextir muni lækka jafnt og þétt á næstu misserum.

Afkoma ríkissjóðs án vaxtatekna og -gjalda, frumjöfnuður, var jákvæð um 0,5% í fyrra og útlit er fyrir að það breytist lítið næstu árin. Að mati fjármála- og efnahagsráðuneytisins verður aðhald ríkisfjármála 1,6% af landsframleiðslu í ár og 0,9% árið 2025. Versnandi efnahagsástand vegur þó á móti aðhaldi og því er útlit fyrir lítinn bata í afkomu ríkissjóðs á þessu ári og því næsta.

Á árunum 2019-2023 jókst framleiðni vinnuafls að meðaltali um 1,8% á ári en talsverður munur er á þróun milli atvinnugreina. Mestur hefur framleiðnivöxtur verið í verslun og sjávarútvegi en minnstur í iðnaði og byggingarstarfsemi. Framleiðnivöxtur hér á landi hefur verið sá langmesti á Norðurlöndunum undanfarin ár en í öðrum norrænum ríkjum var vöxturinn á bilinu -0,2% til 0,9% að meðaltali á ári á tímabilinu.


Á árunum 2019-2023 lækkaði launahlutfallið, sem endurspeglar hlutdeild launafólks í verðmætasköpun hagkerfisins, í heild um 1,2 prósentustig og lækkaði í öllum atvinnugreinum en þó mismikið.

Á fyrri helmingi þessa árs jókst kaupmáttur launa um 0,5% milli ára. Aðrir þættir s.s. háir vextir leiddu til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann minnkad lítillega framan af 2024 eftir að hafa aukist um 1,9% á árinu 2023. Eiginfjárstaða heimila hefur batnað á síðustu árum samhliða hækkun fasteignaverðs og hagstæðra vaxtakjara. Vaxtagjöld sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimila með íbúðalán hafa farið vaxtandi samhliða vaxtahækkunum frá árinu 2021. Hækkun vaxtagjalda var töluvert meiri hjá ungu fólki en hjá eldri aldurshópum. Það jók sókn í verðtryggð lán að nýju. Að óbreyttu er viðbúið að greiðslubyrði heimila með óverðtryggð lán þar sem vextir koma til endurskoðunar á næstunni hækki umtalsvert. Mikill munur er á stöðu leigjenda og eigenda, m.a. hvað varðar möguleika til að bregðast við hækkun á húsnæðiskostnaði.

1.2. Hagþróun

Eftir þrjú ár með kröftugum hagvexti hefur hægt á umsvifum í efnahagslífinu. Á fyrstu tveimur ársfjórðungum þessa árs var samdráttur í landsframleiðslu sem einkum má rekja til loðnubrests og minni þjónustuútlutnings vegna minni umsvifa í ferðaþjónustu. Spár gera ráð fyrir að hagvöxtur verði óverulegur í ár og að hagkerfið leiti jafnvægis á næstu árum með hagvexti í kringum 2,5% á ári næstu þrjú ár.

Mynd 1.1. Verg landsframleiðsla og verg landsframleiðsla á mann vísitölur (2019=100) (vinstri) og hagvöxtur ásamt spá 2024-2028 (hægri)




Skýring: Spá um hagvöxt er meðaltal hagspár Hagstofu Íslands og Seðlabanka Íslands. Heimildir: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

Þrátt fyrir vísbendingar um samdrátt í landsframleiðslu og að tekið sé að hægja á hagkerfinu er enn nokkur kraftur í innlendri eftirspurn sem má til að mynda merkja í að innlend kortavelta hefur aukist á föstu verðlagi það sem af er árinu samanborett sama tímabil í fyrra. Íbúðaverð hefur haldið áfram að hækka og töluverð velta verið á íbúðamarkaði. Vísbendingar eru um að dregið hafi úr spennu á vinnumarkaði en atvinnuleysi er áfram lítið og atvinnuþátttaka mikil. Nánar er fjallað um þróun vinnumarkaðarins í kafla 2.4.

Mat heimila á núverandi efnahags- og atvinnuástandi samkvæmt væntingavísitölu Gallup hefur hins vegar versnað það sem af er ári en var þó að meðaltali svipað á fyrstu þremur ársfjórðungum þessa árs og á sama tíma í fyrra. Sé horft fram í tímann hafa væntingar heimilanna um horfur til næstu sex mánaða farið versnandi það sem af er ári. Mat stjórnenda á núverandi stöðu og horfum til næstu sex mánaða versnaði einnig töluvert milli 2. og 3. ársfjórðungs í ár. Að meðaltali eru þó væntingar stjórnenda til næstu sex mánaða betri en þær voru á sama tíma í fyrra á meðan að mat á núverandi stöðu er lítið breytt milli ára. Fjallað er um verðbólguvæntingar í kafla 1.4.


Mynd 1.2. Væntingavísitala Gallup gagnvart núverandi stöðu og til framtíðar, meðaltal ársfjórðunga, 2014-2024



Skýringar: Þegar væntingavísitala Gallup er yfir 100 eru fleiri jákvæðir og ef hún er lægri eru fleiri neikvæðir gagnvart núverandi efnahagsaðstæðum, væntingum til efnahagslífsins eftir 6 mánuði, mati á núverandi ástandi í atvinnumálum, væntingum til ástands í atvinnumálum og til heildartekna eftir 6 mánuði. Heimild: Gallup.

Hagvöxtur hér á landi hefur verið nokkuð meiri en á hinum Norðurlöndunum og á evrusvæðinu síðustu ár. Það má að hluta rekja til þess að fólksfjölgun hefur verið töluvert meiri á Íslandi en víðast hvar annarsstaðar. Þegar tekið er tillit til þróunar mannfjöldans reynist minni munur á þróun landsframleiðslu milli landa, þó var hagvöxtur á mann meiri hér á landi en á Norðurlöndunum og evrusvæðinu á síðustu tveimur árum. Í Noregi og Svíþjóð var hagvöxtur á mann neikvæður árið 2023 og á evrusvæðinu var landsframleiðsla á mann nánast óbreytt.

Mynd 1.3. Alþjóðlegur samanburður á þróun landsframleiðslu (vinstri) og landsframleiðslu á mann (hægri), vísitölur (2019=100)




Heimild: Eurostat.

Hagvöxt síðustu ára má að töluverðu leyti rekja til mikils vaxtar í ferðapjónustu í kjölfar endurreisnar greinarinnar eftir heimsfaraldur. Þegar horft er til framlags einstakra atvinnugreina til hagvaxtar, sem má sjá til hægri á mynd 1.4, að framlag ferðapjónustunnar og tengdra greina var 4,3 prósentustig árið 2022 og 1,9 prósentustig árið 2023 og nam því tæplega helmingi af hagvexti þessara tveggja ára sem er langt umfram hlutdeild þeirra í umsvifum í hagkerfinu í heild.¹

Einkaneysla var einn af megin drifkröftum hagvaxtar á árunum 2021 og 2022 sem skýrist einkum af miklum aðflutningi fólks til landsins, auknum kaupmætti heimilanna á árunum 2020-2021 og sparnaði sem heimilin söfnuðu upp í heimsfaraldurinum. Verulega hægði á vexti einkaneyslu árið 2023 en þá var vöxturinn um 0,5% samanborið við 8,3% árið 2022 og skýrði einkaneysla þá 47% af hagvexti ársins. Hagvöxtur í fyrra var að mestu borinn uppi af auknum útflutningi en af 5% hagvexti ársins 2023 má rekja 3,4 prósentustig til utanríkisviðskipta, fyrst og fremst þjónustuútflutnings, eða um tvo þriðju af hagvextinum.

Mynd 1.4. *Hagvöxtur og framlag undirliða, vöxtur landsframleiðslu samkvæmt ráðstöfunaruppgjöri (vinstri) og vöxtur þáttatekna samkvæmt framleiðsluuppgjöri (hægri)*




Skýringar: 2024 fyrri helmingur ársins. Framlag undirliða leggst saman þannig að summa undirliða er jöfn hagvexti. Skýringu á atvinnugreinaflokkun má sjá í viðauka I. Hið opinbera er skilgreint sem opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta en þar er hluti atvinnurekstrar þó á höndum einkaaðila. Heimild: Hagstofa Íslands.

Ferðapjónustan sem staðið hefur undir stórum hluta hagvaxtar á undanförunum árum er talsvert sveiflukennd atvinnugrein sem erfitt getur reynst að spá fyrir um þróun á m.a. vegna áhrifa ýmissa ófyrirséðra þátta eins og náttúruhamfara, efnahagsþróunar í helstu viðskiptalöndum eða tískustrauma. Helstu vísbendingar birtast í framboði flugsæta, í sveiflum í fjölda ferðamanna, dvalartíma og neyslu ferðamanna á meðan á dvöl stendur. Fjöldi erlendra ferðamanna sem komu hingað til lands síðustu 12 mánuði er heldur minni en þegar mest lét árin fyrir heimsfaraldur og fjöldi gistinátta hefur heldur farið fækkandi undanfarið ár sem er merki um skemmri dvalartíma ferðamanna. Vísbendingar eru um að horfur í

¹ Vægi ferðapjónustunnar er 14,5%. Hér er byggt á víðari skilgreiningu en einkennandi greinar ferðapjónustu Hagstofunnar.

ferðabjónustunni hafi versnað nokkuð fyrir seinni hluta árs 2024 þar sem bókunarstaða hótela er lakari samanborið við árið áður og útlit er fyrir að dragi úr flugferðum.

Mynd 1.5. *Brottfarir erlendra farþega og gistinætur, 12 mánaða uppsafnaður fjöldi einstaklinga og gistinátta í milljónum*




Heimildir: Hagstofa Íslands og Ferðamálastofa.

1.3. Verðlag

Verðbólga hefur á síðustu tveimur árum verið sú mesta frá því á árunum eftir efnahagshrun og fór hæst í 10,2% í febrúar 2023. Verðbólga fór nokkuð hratt lækkandi þegar líða tók á árið í fyrra og var komin í 7,7% í árslok. Hægar dró úr verðbólgu á fyrri hluta þessa árs en milli ágúst og október lækkaði verðbólga samanlagt um tæpt prósentustig, niður í 5,1%. Hjöðnun verðbólgu það sem af er ári skýrist einkum af minni hækkunum, hvort tveggja á innfluttum og innlendum vörum og almennri þjónustu en hækkun húsnæðisliðar hefur haldið áfram og ýtt undir verðbólgu. Sé húsnæði undanskilið mældist ársverðbólga 2,8% í október.

Hægar hefur gengið að ná tókum á verðbólgunni en væntingar stóðu til og hún verið nokkuð umfram spár. Spár gera nú almennt ráð fyrir að hægt muni draga úr verðbólgu á næstu mánuðum. Þrátt fyrir að mat Seðlabankans sé að draga muni meira úr spennu í hagkerfinu á næstu misserum og launahækkunarverði minni en áður var talið hafa verðbólguvæntingar ekki lækkað að sama skapi. Seðlabankinn gerir því ráð fyrir að hægar dragi úr verðbólgu en talið var í vor og samkvæmt nýjustu spá bankans verður verðbólga 5,8% í lok þessa árs, 3,6% í lok árs 2025 og 2,4% undir lok árs 2026. Gangi það eftir mun 2,5% verðbólgu markmið Seðlabankans ekki nást fyrr en að tveimur árum liðnum eða undir lok árs 2026.


Mynd 1.6. Verðbólga með og án húsnæðisliðar árin 2019-2024 (vinstri) og framlag undirlíða til verðbólgu (hægri)



Skýringar: *Án áfengis, tóbaks og bensíns, **Án búvöru og grænmetis. Heimild: Hagstofa Íslands.

Verðbólga jókst víðast hvar þegar efnahagsumsvif tóku við sér á ný í kjölfar heimsfaraldurs og stríðsátök brutust út í Evrópu og fyrir botni Miðjarðarhafs, sjá mynd 1.7. Í fyrstu jókst verðbólga hægar hér á landi en í mörgum helstu viðskiptalöndum, einkum vegna mikilla hækkana á orkuverði í Evrópu, en víðast hefur verðbólga hjaðnað mun hraðar en hér á landi og er nú kringum verðbólguþáttum flestum viðskiptalöndum.

Mynd 1.7. Alþjóðlegur samanburður á verðbólgu mælt með samræmdri vísitalu neysluverðs 2019-2024 (vinstri) og ársþækkun á raunverði húsnæðis, 1. ársfjórðungur 2019 – 1. ársfjórðungur 2024 (hægri)




Heimildir: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

Húsnæði er nú einn megin drifkraftur verðbólgunnar og umsvif á íbúðamarkaði talsverð. Húsnæðisverð tók að hækka verulega á árinu 2021 og 2022 samhliða lækkandi vöxtum og auknum kaupmætti en nokkuð hægði á þegar vextir tóku að hækka og reglur um veðsetningarhlutfall fasteignalána til neytenda og hámark greiðslubyrðar voru hertar á árinu 2023. Á sama tíma var eftirspurn eftir starfsfólki

mikil og íbúum hér á landi fjölgaði hratt sem setti aukinn þrýsting á húsnæðismarkaðinn. Undanfarið ár, eða frá ágúst 2023 hefur húsnæðisverð hækkað um 11,7% sem er mun meiri hækkun en á sama tíma í fyrra þegar árshækkunin nam 1,9%. Raunverð íbúðarhúsnæðis lækkaði því nokkuð í fyrra en sú þróun snerist við á þessu ári. Í ágúst var raunvirði húsnæðis 5,4% hærra en á sama tíma árið áður. Í hlutfalli við laun, byggingarkostnað og leiguverð er fasteignaverð nú nokkuð hærra en það var árið 2020.

Á Norðurlöndunum lækkaði raunverð húsnæðis töluvert meira en hér á landi á árunum 2022 og 2023. Til dæmis var raunverð húsnæðis í Svíþjóð á fyrsta ársfjórðungi 2023 um 20% lægra en árið áður, sjá mynd 1.7.

Mynd 1.8. Ársbreyting húsnæðisverðs (vinstri) og ársbreyting leiguverðs (hægri), janúar 2019 – ágúst 2024



Skýring: Vísitala leiguverðs byggir á nýjum leigusamningum og því ekki á þöruðum samanburði líkt og vísitölur Hagstofu Íslands. Heimildir: Hagstofa Íslands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Seðlabanki Íslands.

Upplýsingar um byggingarmarkaðinn gefa til kynna að mikil umsvif séu í greininni. Samkvæmt þjóðhagsreikningum jókst framleiðsla í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð umfram framleiðslu í hagkerfinu í heild á árunum 2022 og 2023 og vinnustundum fjölgaði einnig hlutfallslega meira í byggingarstarfsemi en í öðrum greinum á síðustu þremur árum. Þá er hlutfall lausra starfa í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð talsvert hærra en í öðrum atvinnugreinum á vinnumarkaði. Á árunum 2019-2023 fjölgaði fullbúnum íbúðum að meðaltali um 3.300 á ári. Útlit er fyrir að þeim fjölgi um 3.400 á þessu ári² og um tæplega 3 þúsund á ári næstu tvö árin samkvæmt spá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Þetta er nokkuð undir mati stofnunarinnar á árlegri uppbyggingaþörf nýrra íbúða sem nemur um 4.000 íbúðum.

² Miðað við að nýjar fullbúnar íbúðir bætist við með sama hraða út árið.


Velta á íbúðamarkaði jókst markvert um mitt ár 2024, einkum vegna uppkaupa ríkisins á íbúðarhúsnæði í Grindavík og flutningum Grindvíkinga til nærliggjandi sveitarfélaga en dregið hefur úr áhrifum þessa á síðustu mánuðum. Samhliða aukinni veltu jókst hlutfall íbúða sem seldist yfir ásettu verði en fjöldi íbúða til sölu hefur þó aukist lítillega á árinu.

1.4. Vextir

Stýrivextir voru lækkaðir í 9% í lok október eftir að hafa verið óbreyttir í 9,25% frá því í ágúst 2023. Þá höfðu stýrivextir hækkað jafnt og þétt um samtals 8,5 prósentustig frá því í maí 2021, sjá mynd 1.9. Í yfirlýsingu peningastefnunefndar Seðlabankans frá því í október 2024 kemur fram að nefndin telji að áfram hafi hægt á efnahagssumsvifum og að dregið hafi úr spennu á vinnumarkaði en að þrálát verðbólga, háar verðbólguvæntingar og mikil innlend eftirspurn kalli á varkárni. Nefndin telur því að viðhalda þurfi hæfilegu aðhaldsstigi og mun nefndin því áfram líta til efnahagssumsvifa, verðbólgu og verðbólguvæntinga við vaxtaá-kvarðanir sínar.

Væntingar heimila, fyrirtækja og markaðsaðila um verðlagsþróun geta haft áhrif á ákvarðanir og þróun verðbólgu. Lagt er mat á verðbólguvæntingar með nokkrum leiðum og fylgist peningastefnunefnd Seðlabankans grannt með þeim og hefur hliðsjón af við vaxtaákvæðanir. Verðbólguvæntingar undanfarið hafa verið talsvert yfir verðbólgu markmiði Seðlabankans bæði til skamms og lengri tíma en heldur hefur þó dregið úr þeim undanfarið.

Mynd 1.9. *Alþjóðlegur samanburður á stýrivöxtum (vinstri) og raunstýrivöxtum út frá liðinni verðbólgu (hægri)*



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Verðbólguvæntingar, heimila, fyrirtækja og markaðsaðila til lengri og skemmri tíma eru reglulega mældar með spurningakönnunum. Væntingar allra aðila eru enn að verðbólga verði talsvert yfir verðbólgu markmiði Seðlabankans bæði til skemmri og lengri tíma en heimilin hafa verið mun svartsýnni á verðlagsþróunina en fyrirtæki og markaðsaðilar.

Annar mælikvarði á verðbólguvæntingar er munur á óverðtryggðum og verðtryggðum vöxtum á skuldabréfamarkaði, svokallað verðbólguálag. Líkt og verðbólguvæntingar er verðbólguálag talsvert yfir verðbólgu markmiði Seðlabankans. Mestar breytingar hafa verið á verðbólguálaginu til skemmri tíma sem hefur lækkað nokkuð undanfarið en álagið til lengri tíma hefur lækkað minna.

Framvirkir vextir á fjármálamarkaði gefa vísbendingu um þróun stýrivaxta. Sé horft til væntingar markaðarins, eins og þær birtast í framvirkum vöxtum, gefur það til kynna að stýrivextir muni lækka jafnt og þétt á næstu misserum.

Langtímavextir hafa á síðustu tveimur árum hækkað minna en stýrivextir. Þannig hækkaði ávöxtunarkrafa á 5-10 ára óverðtryggðum ríkisbréfum um 5-6 prósentustig frá miðju ári 2020, þegar vextir voru í lágmarki, fram á síðari hluta árs 2023 og hefur síðan þá lækkað um tæpt prósentustig. Vextir íbúðalána hafa einnig hækkað að samhliða hækkun stýrivaxta þó heldur minna en stýrivextir.

Raunvextir eru það afgangur sem greitt er fyrir lán að teknu tilliti til verðlagsþróunar og eru alla jafna taldir betri mælikvarði en nafnvextir á aðhald peningastefnunnar. Hægt er að meta raunvexti bæði út frá liðinni verðbólgu og út frá verðbólguvæntingum. Á árunum 2019-2022 var verðbólga hærri en stýrivextir og voru raunvextir því neikvæðir hér á landi líkt og hjá seðlabönkum helstu viðskiptalanda Íslands, sjá mynd 1.9.³ Samblanda af hækkanði stýrivöxtum og hjöðnun verðbólgu á árinu 2023 leiddi víðast til hækunar raunvaxta. Þrátt fyrir að stýrivextir hafi síðustu ár verið nokkuð hærri en í okkar helstu viðskiptalöndum er minni munur á raunvextum.

1.5. Fjármál hins opinbera

Afkoma ríkissjóðs var neikvæð um 32 ma.kr. í fyrra sem samsvarar 0,7% af landsframleiðslu árið 2023 og batnaði um 81 ma.kr. frá árinu áður en útlit er fyrir að afkoman versni í ár en batni svo á því næsta. Svokallaður frumjöfnuður, sem mælir afkomu ríkissjóðs⁴ án vaxtatekna og -gjalda var jákvæður um 1,4% í fyrra og áætlað að verði jákvæður um 0,4% - 0,5% árin 2024 og 2025 samkvæmt uppfærðum afkomuhorfum fyrirbyggjandi frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2025.

Bætt afkoma ríkissjóðs á árunum 2021 og 2022 skýrist að verulegu leyti af batnandi efnahagsástandi með auknum umsvifum og tekjum sem leiðir að öðru óbreyttu sjálfkrafa til bættrar afkomu ríkissjóðs. Slíkra áhrifa gætir í minna mæli á árunum 2023-2025 gangi horfur um efnahagsþróun eftir en þá skýrir aukið aðhald í ríkisrekstrinum batnandi afkomu í meira mæli. Að mati fjármála- og efnahagsráðuneytisins er aðhald ríkisfjármálanna 1,6% af landsframleiðslu í ár og 0,9% árið 2025.⁵ Versnandi efnahagsástand vegur þó á móti aðhaldi og því útlit fyrir lítinn bata í afkomu ríkissjóðs á þessu ári og því næsta.

³ Hér er miðað við raunvexti út frá liðinni verðbólgu. Raunvexti út frá verðbólguvæntingum voru hins vegar einnig neikvæðir 2020-2022 og hafa hækkað frá ársbyrjun 2023.


⁴ Með afkomu er átt við heildartekjur að frádregnum heildarútgjöldum

⁵ Með auknu aðhaldi er átt við breytingar sem bæta afkomu hins opinbera, hvort sem það er á útgjalda- eða tekjuhlíð.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir afkomubætandi ráðstöfunum bæði á tekju- og útgjaldahlið ríkissjóðs. Á tekjuhlið vega þyngst áframhaldandi innleiðing kílómetragjalds og tímabundin hækkun á tekjuskatti fyrirtækja úr 20% í 21% og nema samanlögð áhrif aðgerða á tekjuhlið 0,4% af landsframleiðslu bæði árin 2024 og 2025. Á útgjaldahlið felst aðhald á árinu 2025 í almennri aðhaldskröfu og minni kerfislægum vexti. Einnig er aðhaldi beitt með aðgerðum til að hægja á útgjaldavexti, lækkun, frestun eða niðurfellingu á framlögum til tiltekinna og tímabundinna verkefna þar með talið minni útgjöldum vegna jarðhræringa í Grindarvík.⁶ Á móti aðhaldi koma aukin útgjöld vegna nýrra og aukinna verkefna og nemur aðhald á gjaldahlið því samtals 1% af landsframleiðslu árið 2024 og 0,4% árið 2025.

Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu, svokallað skuldahlutfall, hækkaði um rúmlega 10 prósentustig á árunum 2019-2021 en hefur síðan lækkað um rúmt prósentustig. Þó áfram sé gert ráð fyrir neikvæðum heildarjöfnum ríkissjóðs næstu árin og að jafnvægi náist ekki í ríkisrekstrinum fyrr en á árinu 2028 gera áætlanir ráð fyrir að skuldahlutfall ríkisins lækki á næsta ári um 0,7 prósentustig einkum vegna fyrirhugaðrar sölu á eftirstandandi hlut ríkisins í Íslandsbanka sem áætlað er að skili lækkun skuldahlutfalls um 1,0% af landsframleiðslu.

Mynd 1.10. *Afkoma ríkissjóðs (% af landsframleiðslu), 2019-2025 (vinstri) og skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu (% af landsframleiðslu), 2019-2025 (hægri)*



Skýringar: Heildarjöfnuður er heildartekjur að frádregnum heildargjöldum. Frumjöfnuður er afkoma ríkissjóðs fyrir vaxta-tekjur- og gjöld. Heimild: Frumvarp til fjárlaga 2025.

Afkoma sveitarfélaga hefur farið batnandi síðustu ár eftir hallarekstur í kjölfar heimsfaraldurs. Það má einkum merkja af því að veltufé frá rekstri fór úr því að vera 3,7% af tekjum árið 2022 í 8,3% í fyrra en áætlað að lækki í 7,3% í ár. Almenn er talið að sveitarfélag þurfi veltufé sem nemur um 9% af tekjum til að rekstur þess teljist sjálfbær.⁷ Rekstrarniðurstaða sveitarfélaganna þ.e. mismunur tekna og útgjalda, var neikvæð um sem nemur 4,6% af tekjum árið 2022, neikvæð um

⁶ Framlag til Fasteignafélagsins Þórkötlur telst ekki til útgjalda.

⁷ Með sjálfbærni er átt við að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar bæði til skemmri og lengri tíma og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir. Veltufé frá rekstri sýnir hvaða fjármunir eru til staðar til greiðslu afborgana og lána til fjárfestinga eftir að reikningur vegna daglegs rekstrar hafa verið greiddir.

0,2% árið 2023 og áætlanir gera ráð fyrir að afkoman verði neikvæð um 0,9% á yfirstandandi ári. Samhliða neikvæðri afkomu hafa skuldir sveitarfélaga sem hlutfall af tekjum aukist úr 104% árið 2019 í 112% árið 2023.

1.6. Atvinnugreinar og samkeppnishæfni

Framleiðnivöxtur, þ.e. vöxtur framleiðslu á hverja vinnustund, er helsti drifkraftur aukins kaupmáttar og lífskjarabata til lengri tíma litið. Mikil hækkun launakostnaðar til lengri tíma umfram framleiðnivöxt þjóðarbúsins og umfram önnur ríki mun að öðru óbreyttu stuðla að hærri verðbólgu og lakari samkeppnisstöðu íslenskra útflutningsatvinnuvega. Á heildina litið jókst framleiðni vinnuafis um 1,6% á árinu 2022 og 1,3% í fyrra. Nokkrar sveiflur eru að jafnaði í þróun á framleiðni milli ára en sé horft yfir fimm ára tímabil frá 2019 til 2023 jókst framleiðni í öllu hagkerfinu að meðaltali um 1,8% á ári.


Töluverður munur er á framleiðnivexti milli atvinnugreina. Sé starfsemi sem einkum er á vegum hins opinbera⁸ undanskilin jókst framleiðni hagkerfisins um 2,1% að meðaltali á síðustu fimm árum. Mestur hefur framleiðnivöxtur á tímabilinu verið í verslun og sjávarútvegi en minnstur í iðnaði og byggingarstarfsemi sem rekja má til neikvæðrar framleiðniþróunar í byggingarstarfsemi. Í atvinnugreinum ferðaþjónustunnar er framleiðni lægri en í hagkerfinu að meðaltali en framleiðnivöxtur í ferðaþjónustu hefur þó verið meiri en vöxtur í hagkerfinu öllu á síðustu fimm árum sem einkum er tilkomið vegna mikils framleiðnivaxtar í flutningum og geymslu.

Heildarfjöldi vinnustunda jókst hins vegar hlutfallslega meira í atvinnugreinum með minni framleiðni, t.d. greinum tengdum ferðaþjónustu, á síðustu tveimur árum sem að öðru óbreyttu dregur úr framleiðnivexti þjóðarbúsins í heild. Þessi vöxtur skýrist að stórum hluta af miklum vexti ferðaþjónustunnar í kjölfar mikils samdráttar vegna heimsfaraldurs árið 2020. Vægi ferðaþjónustu í vinnu-magni hagkerfisins var árið 2023 heldur minna en það var þegar mest lét árin fyrir heimsfaraldur.

Í samanburði við Norðurlöndin var framleiðnivöxtur á tímabilinu 2015-2023 mestur hér á landi. Á fyrri hluta tímabilsins, árin 2015-2018, var vöxturinn áþekkur í Danmörku og hér á landi en á seinni hluta tímabilsins, árin 2019-2023, var framleiðnivöxtur töluvert meiri hér á landi en í nágrennanríkjum.

⁸ Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta, en þar er hluti atvinnurekstrar þó á höndum einkaaðila.

Mynd 1.11. Framleiðnivöxtur, breyting þáttatekna á föstu verðlagi á vinnustund milli ára, eftir atvinnugrein (vinstri) og alþjóðlegur samanburður á framleiðnivexti, breyting á landsframleiðslu á föstu verðlagi á vinnustund milli ára (hægri)




Skýringar: Skýringu á atvinnugreinaflokkun má sjá í viðauka I. Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta, en þó er hluti atvinnurekstrar í þessum greinum á höndum einkaaðila. Heimildir: Hagstofa Íslands og Eurostat.

Hlutfall launa og launatengdra gjalda af vergum þáttatekjum, þ.e. launahlutfallið sem endurspeglar hlutdeild launafólks í verðmætasköpuninni, var 60% í fyrra og hækkaði um 0,8 prósentustig milli ára. Á árunum 2019-2022, sem er síðasta langa kjarasamningstímabilið, lækkaði launahlutfallið í hagkerfinu í heild um 1,2 prósentustig og lækkaði í öllum atvinnugreinum en þó mismikið. Launahlutfallið lækkaði mest á þessu tímabili í iðnaði og byggingastarfsemi ásamt verslun en minnst í sjávarútvegi og ferðaþjónustu þar sem launahlutfallið sveiflaðist talsvert innan tímabilsins.


Raungengi á mælikvarða launa mælir þróun hlutfallslegs launakostnaðar á framleidda einingu í sameiginlegum gjaldmiðli í samanburði við önnur lönd sem er einn mælikvarði á samkeppnishæfni hagkerfisins. Það er samsett úr hlutfallslegum launakostnaði og gengi. Raungengi á mælikvarða launa gefur til kynna hvort laun fari hækkaði eða lækkaði í samanburði við önnur lönd að teknu tilliti til breytinga á gengi gjaldmiðla og segir þannig til um hvort að dýrara sé orðið að framleiða vörur á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Hlutfallslegur launakostnaður á Íslandi samanborið við helstu viðskiptalönd okkar hefur sveiflast nokkuð síðustu ár en heilt yfir hækkað frá árslokum 2020. Á móti vegur sú staðreynd að gengi krónunnar hefur veikst. Þegar gengi krónunnar veikist lækka hlutfallsleg laun mæld í erlendum gjaldmiðlum og þar með lækkar raungengið. Sé horft til síðustu ára lækkaði raungengi á mælikvarða launa frá ársbyrjun 2019 til seinni hluta árs 2020 en hefur síðan hækkað og er nú svipað og í ársbyrjun 2019. Í sögulegu samhengi hefur raungengið verið hátt á undanförunum fimm árum eða að meðaltali verið 14% hærra en meðalraungengi frá árinu 1991.

Mynd 1.12. *Launahlutfall, hlutfall launa og tengdra gjalda af vergum þáttatekjum (vinstri) og raungengi og hlutfallslegur launakostnaður á framleidda einingu, hagkerfið alls (hægri)*



Skýringar: Raungengi miðað við hlutfallslegt laun. Heimildir: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

Mynd 1.13. *Launahlutfall eftir atvinnugrein árin 2019-2023*



Skýringar: Skýringu á atvinnugreinaflokkun má sjá í viðauka I. Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta, en hluti atvinnurekstrar í þessum greinum er þó á höndum einkaaðila. Heimild: Hagstofa Íslands.


Árið 2023 var launakostnaður á unna stund hæstur á Íslandi af Norðurlöndunum, mældur í samræmdum gjaldmiðli en sé horft til áraanna 2018-2023 raða Danmörk, Noregur og Ísland sér í efstu þrjú sætin.⁹

Breyting á launakostnaði í sama gjaldmiðli er annar mælikvarði á samkeppnishæfni hagkerfa. Launakostnaður á unna stund mældur í heimagjaldmiðli hefur hækkað mest hér á landi af Norðurlöndunum á undanförunum árum. Á árunum

⁹ Þegar launakostnaður á unna stund er mældur út frá launarannsókn er launakostnaður hæstur í Noregur á tímabilinu 2018-2023. Sá mælikvarði undanskilur atvinnugreinar þar sem hið opinbera er einkennandi og tekur einungis tillit til fyrirtækja með 10 eða fleira starfsfólk.

2019-2023 hækkaði tímakaup að meðaltali um 6,8% hér á landi samanborið við 2,6% - 4,3% í nágrannalöndunum. Á árunum 2019-2023 veiktist gengi krónunnar, einkum í kjölfar heimsfaraldurs en launahækkunir hér á landi mældar í sama gjaldmiðli voru engu að síður meiri en í nágrannalöndunum á tímabilinu. Þegar launabreytingar eru mældar í Bandaríkjadöllum, eru árlegar launahækkunir á hinum Norðurlöndunum minni, sem skýrist einkum af styrkingu Bandaríkjadals árið 2022 gagnvart evru.


Mynd 1.14. *Meðallaunakostnaður á unna stund í evrum (vinstri) og árleg hækkun á meðallaunakostnaði á vinnustund í heimagjaldmiðli, Bandaríkjadöllum og evrum 2019-2023 (hægri)*



Heimildir: Eurostat og OECD.

Viðskiptakjör, þ.e. hlutfall útflutningsverðs og innflutningsverðs, versnuðu árið 2023 um 5,9% frá fyrra ári einkum vegna lækkunar á álverði og öðrum vöruútflutningi. Á fyrri hluta þessa árs bötnuðu viðskiptakjör þar sem dró úr lækkun álverðs. Vísbendingar eru einnig um að viðskiptakjör hafi batnað síðustu mánuði m.a. vegna lækkandi olíuverðs.

Mynd 1.15. *Vísitala viðskiptakjara, innflutningsverð og útflutningsverð, 2019-2023 (2. ársfjórðungur 2019 = 100)*




Heimild: Hagstofa Íslands.

1.7. Fjárhagsstaða heimila

Háir vextir og verðhækkningar þröngja að mörgum heimilum. Greiðslubyrði ungs fólks með fasteignalán hefur hækkað talsvert sem og leiguverð, auk þess sem leigjendur hafa ekki notið bættrar eiginfjárstöðu vegna hækkaðs fasteignaverðs. Fjárhagsstaða heimilanna er hins vegar heilt yfir sterk. Eignastaða er að meðaltali góð og skuldir viðráðanlegar. Þó að hægt hafi á kaupmáttaraukningu undanfarið er atvinnuástandið gott og vanskil lítil í sögulegu tilliti.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hækkaði um 1,9% í fyrra en hefur lækkað um 0,3% á fyrri helming ársins þessa árs miðað við sama tímabil árið áður samkvæmt bráðabirgðatölum. Á milli áruna 2021 og 2023 hækkuðu laun á mann að meðaltali um samtals 25%. Þrátt fyrir það leiddu hækkningar á vaxtagjöldum og verðhækkningar til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna hækkaði einungis um 3% á tímabilinu. Ráðstöfunartekjur heimila eru allar tekjur (laun, eignatekjur, lífeyrir o.fl.) að frádrögnum gjöldum (vaxtagjöldum, sköttum o.fl.). Þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna skýrist þannig ekki eingöngu af launabróun en sé eingöngu horft til þróunar launa og verðlags hélst kaupmáttur launa óbreyttur milli áruna 2021 og 2022 en jókst um 0,9% í fyrra. Á fyrri helmingi þessa árs jókst kaupmáttur launa um 0,5% milli ára. Aðrir þættir s.s. háir vextir leiddu til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann minnkaði lítilliga milli ára.

Mynd 1.16. *Breyting milli ára á kaupmætti ráðstöfunartekna á mann og kaupmætti launavísitölu, 2014-2024 (vinstri) og skuldir heimila sem % af eignum og ráðstöfunartekjum (hæqri)*



Skýringar: 2024*: fyrstu átta mánuðir ársins fyrir kaupmátt launavísitölu, fyrstu tveir ársfjórðungar fyrir kaupmátt ráðstöfunartekna. Heimild: Hagstofa Íslands.


Eignastaða heimilanna er heilt á litið sterk og skuldir viðráðanlegar. Á tímabilinu 2020-2023 jukust eignir og tekjur heimilanna hlutfallslega umfram skuldir, sjá mynd 1.16 og hefur sú þróun haldið áfram á fyrri helmingi þessa árs með lækun á raunvirði skulda á sama tíma og raunverð húsnæðis hækkaði. Skuldir heimilanna lækkuðu að sama skapi í hlutfalli við landsframleiðslu og eru sögulega lágar sé

horft til síðustu árauga. Hlutfall lána til heimila í vanskilum hjá stóru viðskiptabönkunum hefur aukist lítillega frá seinni hluta árs 2022 en er nokkuð lægra en á árunum 2018-2019 og áfram lágt í sögulega tilliti.

Óverðtryggðir vextir íbúðalána hafa hækkað samhliða hækkandi stýrivöxtum. Lægstir voru breytilegir óverðtryggðir vextir 3,5% hjá viðskiptabönkunum á fyrri hluta árs 2021 en samsvarandi vextir eru nú um 11%. Verðtryggðir vextir hafa hækkað minna. Vaxtagjöld sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimila með íbúðalán hækkuðu úr 8,1% árið 2021 í 10,8% árið 2023. Hækkunin var hins vegar töluvert meiri hjá ungu fólki og minni hjá eldri hópum. Hjá fólki 30 ára og yngra hækkuðu vaxtagjöld sem hlutfall af ráðstöfunartekjum úr 11,2% í 17,2% en hjá aldurshópnum 51-65 ára hækkaði hlutfallið úr 7,3% í 9,8%.

Um 43% allra fasteignalána til heimila eru óverðtryggð og þar af eru 53% á föstum vöxtum í tiltekinn tíma. Vextir af tæplega 60% þessara lána koma til endurskoðunar á árunum 2024 og 2025 en þeir vextir sem þau bera eru mun lægri en þau vaxtakjör sem nú bjóðast hjá lánastofnunum. Að óbreyttu er því viðbúið að greiðslubyrði þeirra heimila sem skulda slík lán hækki umtalsvert í kjölfar vaxtaendurskoðunar.

Mynd 1.17. *Fjárhæðir íbúðalána í milljörðum króna eftir því hvort og hvenær vextir koma til endurskoðunar (vinstri) og samsetning nýrra fasteignalána (hægri)*



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Sókn í verðtryggð lán hefur aukist að nýju samhliða hækkandi vöxtum. Frá miðju ári 2023 hefur meirihluti nýrra íbúðalána verið verðtryggður og nú eru um 70% nýrra íbúðalána til heimila verðtryggð, sjá mynd 1.17. Þetta er breyting frá árunum 2020-2022 þegar meirihluti nýrra íbúðalána voru óverðtryggð. Færsla frá óverðtryggðum yfir í verðtryggð lán dregur úr greiðslubyrði en hægir hins vegar á eignamyndun þegar verðbólga er mikil.

Um 57% af öllum íbúðalánnum heimilanna eru nú verðtryggð sem er þó talsvert lægra hlutfall en fyrir heimsfaraldur þegar hlutdeild verðtryggðra lána var um 70% en lægst var hlutdeild þeirra ríflega 40% á árinu 2022.

Mikill munur er á stöðu og húsnæðiskostnaði heimila á eigna- og leigumarkaði. Samkvæmt lífskjararannsókn Hagstofunnar fyrir árið 2021 voru 27% heimila á leigumarkaði með íþyngjandi húsnæðiskostnað en hlutfallið var mun lægra eða 8,9% meðal fasteignaeigenda.¹⁰ Hluti skýringarinnar er að leigjendur eru að meðaltali tekjulægri en eigendur. Þá dró úr framboði af hentugu húsnæði á leigumarkaði árin 2022 og 2023, samkvæmt mælingu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og hlutfall þeirra sem bjó í leiguhúsnæði lækkaði um leið og fleiri keyptu sér húsnæði. Þannig voru 32% heimila á leigumarkaði árið 2018 en 21% árið 2022. Möguleikar eigenda og leigjenda til að bregðast við breyttum aðstæðum og hækkunum á húsnæðiskostnaði eru einnig ólíkir, m.a. vegna eignamyndunar, hagstæðra vaxtakjara og bættrar eiginfjárstöðu fasteignaeigenda síðustu ár. Fasteignaeigendur hafa á undanförunum árum byggt upp eigið fé vegna hækkunar fasteignaverðs umfram skuldir. Þau sem nutu þessarar eignamyndunar eru því í stöðu til að mæta breyttum aðstæðum með því að endurfjármagna lán sín eða gera breytingar á húsnæðishögum. Hækkun húsnæðisverð umfram laun á árunum 2021 og 2022 og hert lánþegaskilyrði Seðlabanka Íslands hafa einnig gert fyrstu kaupendum erfiðara að koma inn á fasteignamarkaðinn.

¹⁰ Íþyngjandi húsnæðiskostnaður er skilgreindur sem húsnæðiskostnaður sem nemur a.m.k. 40% af ráðstöfunartekjum heimilis. Niðurstöður byggja á lífskjararannsókn Hagstofu Íslands fyrir árið 2021.

2.

Vinnumarkaður

2.1. Samantekt

Upplýsingar um fjölda lausra starfa og ráðningaráform stjórnenda gefa til kynna að dregið hafi úr spennu á vinnumarkaði á síðustu mánuðum eftir því sem hægt hefur á efnahagsumsvifum. Starfandi fólki á vinnumarkaði fjölgar nú hægar en verið hefur, starfandi í ferðapjónustu hefur fækkað lítillega og færri erlent starfsfólk kemur til landsins. Atvinnuleysi er þó áfram lágt og atvinnuþátttaka mikil.

Innflytjendum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað hratt síðustu ár og eru þeir nú um 24% starfandi sem er mun hærra hlutfall en fyrir heimsfaraldur þegar tæplega fimmtungur starfandi voru innflytjendur. Fyrir um tveimur áratugum, eða í ársbyrjun 2005 var hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði 6%.

Þátttaka innflytjenda á vinnumarkaði hér á landi er ein sú mesta meðal OECD þjóða. Lítil munur er á hlutfalli starfandi innflytjenda og þeirra sem eru með íslenskan bakgrunn. Almennt flytjast innflytjendur búferlum til landsins vegna atvinnu. Í samanburði við önnur lönd eru innflytjendur á Íslandi vel menntaðir og í samanburði við fólk með íslenskan bakgrunn er algengara að innflytjendur sinni starfi sem ekki er í samræmi við menntunarstig þeirra. Athygli vekur að kunnátta innflytjenda á tungumáli búseturíkis er lítil hér á landi í samanburði við OECD ríki.

2.2. Íslenskur vinnumarkaður

Réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda á íslenskum vinnumarkaði grundvallast aðallega á kjarasamningum sem byggðir eru ofan á lágmarksreglur í lögum. Samskiptareglur verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, t.d. er varða gildissvið kjarasamninga og vinnustöðvanir, byggja á settum lögum. Dómar Félagsdóms um brot og túlkun og gildi kjarasamninga og dómar Landsréttar og Hæstaréttar gegna jafnframt veigamiklu hlutverki, einkum þar sem lagasetningu er ábótavant. Frá því Ísland gerðist aðili að EES árið 1993 hafa flestar breytingar á löggjöf sem tengjast vinnumarkaði átt rætur sínar að rekja til tilskipana ESB og kjarasamninga heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda á EES svæðinu.







Vinnumarkaðurinn á Íslandi skiptist í meginatriðum í almennan (einkageirinn) og opinberan (ríki og sveitarfélög) vinnumarkað. Lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sem gilda um almennan vinnumarkað mæla fyrir um að laun og önnur starfskjör, sem aðilar vinnumarkaðarins semja um, skuli vera lágmarkskjör fyrir allt launafólk í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem samningurinn tekur til. Með svipuðum hætti fer á opinberum vinnumarkaði um gildissvið kjarasamninga sbr. 7.gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Heildarsamtök á vinnumarkaði






Alþýðusamband Íslands (ASÍ) eru heildarsamtök stéttarféлага á almennum vinnumarkaði. ASÍ skiptist í fimm landssambönd með 44 aðildarfélög og er félagsfólk um 147 þúsund. Þar af eru rúmlega 132 þúsund virk á vinnumarkaði.

BSRB eru stærstu heildarsamtök opinberra starfsmanna með 19 aðildarfélög og um 25 þúsund félagsmenn. Bandalag háskólamanna (BHM) eru heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði með 24 aðildarfélög, og rúmlega 18 þúsund félagsmenn. Kennarasamband Íslands (KÍ) er samband kennara og stjórnenda í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum með sjö aðildarfélög og um 12 þúsund félagsmenn.

Mynd 2.1. Skipulag launafólks á vinnumarkaði

Heildarsamtök				Utan heildarsamtaka	Utan stéttarfélags
					
ASÍ Alþýðu- samband Íslands	BSRB Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	BHM Bandalag háskóla- manna	KÍ Kennara- samband Íslands	Stéttarfélag utan bandalaga	Launafólk utan stéttarfélags
44 aðildarfélög	19 aðildarfélög	24 aðildarfélög	7 aðildarfélög	~40 félög	
147.000 félagsmenn	25.000 félagsmenn	18.000 félagsmenn	12.000 félagsmenn		

Mynd 2.2. Skipulag atvinnurekenda á vinnumarkaði

Heildarsamtök				Aðrir atvinnurekendur
				
Samtök atvinnulífsins	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Reykjavíkurborg	Samband íslenskra sveitarfélaga	Aðrir atvinnurekendur innan og utan samtaka
Yfir 2.000 fyrirtæki í 6 atvinnugreina-samtökum	Kjara- og mannauðssýsla ríkisins	Mannauðs- og starfsumhverfissvið Reykjavíkurborgar	Fer með umboð fyrir flest sveitarfélög	10 samtök 8.000 atvinnurekendur eru utan samtaka
Um 70% launafólks á almennum markaði starfa hjá þessum fyrirtækjum	Semur við 82 stéttarfélög	Semur við 19 stéttarfélög	Semur við 58 stéttarfélög	Um 30% launafólks á almennum vinnumarkaði starfa hjá þessum fyrirtækjum

Heildarsamtök launafólks halda utan um sameiginleg málefni aðildarfélaganna og koma fram fyrir þeirra hönd. Rétturinn til að gera kjarasamninga liggur hjá hverju stéttarfélagi sem semur um kaup og önnur kjör en samningsumboðið er oft framselt til heildarsamtaka eða að hópur félaga tekur sig saman og semur í sameiningu. Mikill meirihluti launafólks hér á landi er félagsfólk í stéttarfélögum sem eiga aðild að heildarsamtökum en mörg stéttarfélög standa þó utan heildarsamtaka. Helst eru þetta stéttarfélög háskólamenntaðra. Þeirra stærst eru Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja auk stéttarfélaganna ýmissa heilbrigðisstétta, svo sem lækna og hjúkrunarfræðinga. Ætla má að um 19 þúsund manns séu félagsmenn í stéttarfélögum utan heildarsamtaka.¹¹ Þessu til viðbótar er hópur launafólks sem stendur utan stéttarfélaganna. Þeir sem teljast til þessa hóps semja beint við sinn atvinnurekanda eða taka laun samkvæmt lögum. Upplýsingar um heildarfjölda þeirra eru af skörum skammti en þarna er m.a. að finna kjörna fulltrúa, ráðherra, dómara, forstjóra og forstöðumenn og stundakennara í háskólum.

Helstu viðsemjendur stéttarfélaganna eru Samtök atvinnulífsins sem eru heildarsamtök atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði, fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg.

Samtök atvinnulífsins (SA) eru stærstu samtök launagreiðenda og þeim tilheyra sex aðildarsamtök. Með aðild sinni fela fyrirtæki SA gerð kjarasamninga fyrir sína hönd. Önnur minni félög atvinnurekenda, þar á meðal Félag atvinnurekenda og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, gera einnig kjarasamninga fyrir hönd sinna félagsmanna. Áætla má að samningar SA nái til um 70% alls launafólks á vinnumarkaðnum í heild sinni og til um 98% launafólks á almennum vinnumarkaði.¹²

¹¹ Þá er miðað við fjölda launafólks á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga frá apríl 2019 til ágúst 2022.

¹² Þá er miðað við fjölda launafólks á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga frá apríl 2019 til ágúst 2022.

Fjármála- og efnahagsráðherra gerir kjarasamninga fyrir hönd ríkisins og felur hann samninganefnd ríkisins (SNR) umboð sitt til að gera kjarasamninga. Samninganefnd Sambands Íslenskra sveitarfélaga (SNS), fer með samningsumboð fyrir hönd allra sveitarfélaga utan Reykjavíkurborgar sem semur að mestu leyti beint við sína viðsemjendur, að undaskildum samningum við Kennarasamband Íslands og Félag Íslenskra hljómlistarmanna.

Lagaumhverfi kjarasamninga

Kjarasamningur er milli stéttarfélags og atvinnurekanda þar sem samið er um kaup og kjör sem nær til allra þeirra launamanna sem vinna á félagssviði stéttarfélagsins. Kjarasamningur kveður á um laun, vinnutíma, yfirvinnu, orlof, veikindarétt, uppsagnarrétt og fleiri atriði sem snerta kjör og aðbúnað launafólks.

Á almennum vinnumarkaði gilda lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Þar kemur m.a. fram að stéttarfélög semji um kaup og kjör fyrir sína félagsmenn. Samningsumboð liggur hjá hverju stéttarfélagi fyrir sig samkvæmt lögnum en ekki heildarsamtökum stéttarfélaga nema samkvæmt umboði aðildarfélaga þeirra. Samkvæmt sömu lögum fara einstakir atvinnurekendur eða samtök þeirra með umboð til kjarasamninga.

Á opinberum vinnumarkaði gilda að sumu leyti svipaðar reglur en þar gilda lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Þau gilda um alla starfsmenn sem eru félagsmenn í þeim stéttarfélögum sem hafa heimild til þess að gera kjarasamninga samkvæmt lögnum og eru ráðnir til starfa hjá ríki og sveitarfélögum eða stofnunum þeirra. Fjármála- og efnahagsráðherra fer að meginstefnu með samningsumboð fyrir ríkið og sveitarstjórnir fyrir hönd einstakra sveitarfélaga

Heimild til boðunar verkfalla liggur hjá stéttarfélögum á almennum og opinberum vinnumarkaði en ekki heildarsamtökum fyrir þeirra hönd. Verkföll verða ekki ákveðin án sjálfstæðrar atkvæðagreiðslu félagsmanna hvers stéttarfélags. Á almennum vinnumarkaði fara einstakir atvinnurekendur og samtök þeirra með verkbanstrétt en ekki er mælt fyrir um verkbanstrétt opinberra atvinnurekenda í lögum nr. 94/1986.

Hlutverk ríkissáttasemjara

Samkvæmt lögum skal ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum. Samningsaðilar geta hvenær sem er óskað milligöngu eða aðstoðar sáttasemjara. Slitni upp úr samningaviðræðum aðila getur hvor um sig vísað deilunni til sáttasemjara og fer hann eftir það með stjórn viðræðna.

Ríkissáttasemjari getur lagt fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir stéttarfélög launafólks, eitt eða fleiri saman og félög atvinnurekenda, eða einstakan atvinnurekanda eigi hann í vinnudeilu. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann leggur fram miðlunartillögu en samninganefndir taka ekki formlega afstöðu til efnis hennar.

2.3. Þróun vinnumarkaðar

Í alþjóðlegum samanburði er atvinnuleysi á Íslandi lágt og hlutfall starfandi hátt. Einnig er vinnutími tiltölulega stuttur, meðallaun eru há og launadreifing lítil í alþjóðlegum samanburði, líkt og á hinum Norðurlöndunum.¹³


Dregið hefur úr spennu á vinnumarkaði eftir því sem hægt hefur á efnahagsumsvifum undanfarið. Starfandi fólki á vinnumarkaði fjölgar nú hægar en verið hefur, fjölda starfandi í ferðapjónustunni hefur fækkað lítillega og færri erlent starfsfólk kemur til landsins. Atvinnuleysi er áfram lágt og atvinnuþátttaka mikil.

Hægt hefur á fjölgun starfandi á vinnumarkaði undanfarið ár sé horft til staðgreiðslugagna.¹⁴ Í ágúst síðastliðnum störfuðu 1% fleiri á vinnumarkaði en í ágúst 2023 sem er mun minni fjölgun en árið áður þegar starfandi fólki fjölgaði um 4,3%. Síðan 2006 hefur starfandi fólki á vinnumarkaði fjölgað um tæplega 2% á ári og vísbendingar um að tekið sé að hægja á því nokkuð skýrar.¹⁵

Megnið af þeim sem komið hafa inn á vinnumarkaðinn síðustu ár er erlent launafólk og fjölgunina undanfarið ár má alfarið rekja til innflytjenda, sjá mynd 2.3.

Innflytjendum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað hratt síðustu ár og hefur hlutfeld þeirra af starfandi farið úr 17% á árinu 2021 í um 24% sem er mun hærra hlutfall en fyrir heimsfaraldur þegar tæplega fimmtungur starfandi voru innflytjendur. Sé litið til síðustu tveggja áratuga, hefur hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði farið úr 6% í ársbyrjun 2005 en tók að hækka nokkuð hratt eftir miðjan síðasta áratug, sjá mynd 2.4.

Mynd 2.3. *Breyting í fjölda starfandi sem 12 mánaða breyting (vinstri) og hlutfallsleg breyting í fjölda starfandi sem 12 mánaða vöxtur eftir bakgrunni (hægri)*




Skýringar: Fjöldi starfandi úr vinnuarkaðsrannsókn Hagstofunnar er út frá árstíðarleiðréttri leitni. Á hægri mynd er byggt á staðgreiðsluskrám. Heimild: Hagstofa Íslands.

¹³ Í vorskýrslu 2024 KTN má finna umfjöllun um þessi atriði.


¹⁴ Fjölgun starfandi samkvæmt vinnuarkaðsrannsókn sýnir meiri fjölgun það sem af er ári. Það kann að skýrast af minni svörun innflytjenda í könnuninni.

¹⁵ Tölf mánaða breyting byggt á mánaðargögnum á tímabilinu frá janúar 2006 til ágúst 2024.

Mynd 2.4. *Hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði árin 2000-2024*

Skýringar: Samkvæmt staðgreiðslugögnum. Heimild: Hagstofa Íslands.

Undanfarið ár hefur dregið úr fjölgun starfandi bæði í hópi þeirra sem hafa íslenskan bakgrunn og innflytjenda. Meðal þeirra sem hafa íslenskan bakgrunn má einkum rekja þá þróun til þess að nú fækkar störfum lítillega í ferðapjónustu þar sem fólk með erlendan bakgrunn er hlutfallslega fleira. Þá hefur störfum ekki fjölgað hjá hinu opinbera, í verslun eða iðnaði þar sem fólk með íslenskan bakgrunn er hlutfallslega fleira. Hjá innflytjendum má einkum rekja minni fjölgun starfandi í ár til ferðapjónustunnar og að einhverju leyti til byggingarstarfsemi þar sem innflytjendur eru einnig hlutfallslega fjölmennir.

Mynd 2.5. *Ársfjölgun starfandi í þúsundum meðal launafólks með íslenskan bakgrunn (vinstri) og meðal innflytjenda (hægri), 1. ársfjórðungur 2015 til 3. ársfjórðungs 2024*


Skýringar: Byggir á staðgreiðslugögnum. Ferðapjónusta vísar til einkennandi greina ferðapjónustu. Hið opinbera til atvinnugreinanna opinber stjórnýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta, en þar er hluti atvinnurekstrar þó á höndum einkaaðila. Heimild: Hagstofa Íslands.

Upplýsingar um fjölda lausra starfa og ráðningaráform stjórnenda gefa til kynna að dregið hafi úr spennu á vinnumarkaði á síðustu mánuðum. Um 7.600 störf voru skráð laus á öðrum ársfjórðungi 2024 hjá Hagstofu Íslands sem eru 1.000 fleiri

störf en ári áður. Þekktur mælikvarði á spennu á vinnumarkaði er hlutfall lausra starfa á móti fjölda atvinnulausra. Við hlutfall yfir einum eru fleiri laus störf en fjöldi atvinnulausra. Í upphafi árs 2023 var hlutfallið 0,9 en þá var fjöldi lausra starfa svipaður og fjöldi atvinnulausra. Hlutfallið lækkaði í 0,6 þegar líða tók á árið 2023 með minnkandi spennu á vinnumarkaði. Í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu er fjöldi lausra starfa að jafnaði minni en fjöldi atvinnulausra og hlutfallið því undir einum.

Fleiri stjórnendur fyrirtækja áforma nú að fækka starfsfólki en að fjölga.¹⁶ Um 16% hyggjast fjölga starfsfólki en 22% að fækka. Stjórnendum sem hyggjast fjölga starfsfólki hefur fækkað jafnt og þétt frá árslokum 2022. Þá telur fjórðungur stjórnenda nú skort á starfsfólki sem er nálægt langtímameðaltali en það hlutfall hefur farið stöðugt lækandi frá öðrum ársfjórðungi 2022 þegar það nam 53%.

Mynd 2.6. Laus störf, 1. ársfjórðungur 2019 - 2. ársfjórðungs 2024 (vinstri) og hlutfall fyrirtækja sem telja skort á starfsfólki, punktalína er meðaltal 2013-2024 (hægri)




Heimildir: Hagstofa Íslands og könnun Gallup á viðhorfi 400 stærstu fyrirtækja landsins.

Atvinnuleysi er að jafnaði metið á tvo mælikvarða. Annars vegar út frá þeim einstaklingum sem skráðir eru án atvinnu hjá Vinnumálastofnun og hins vegar út frá Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands sem framkvæmd er með spurningakönnun með úrtaki úr þjóðskrá allt árið um kring. Atvinnuástandið hefur verið gott undanfarin misseri, eftirspurn eftir vinnuafli verið mikil og atvinnuþáttaka aukist frá því heimsfaraldri lauk. Skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun var 3,3% í september sem er 0,3 prósentustigum meira en á sama tíma í fyrra, sjá mynd 2.7. Mælt atvinnuleysi í Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands var 3,4% í september sem er 0,2 prósentustigum minna en á sama tíma ári áður.¹⁷

¹⁶ Samkvæmt könnun Gallup á viðhorfi stjórnenda í 400 stærstu fyrirtækja landsins.

¹⁷ Hér er miðað við leitni atvinnuleysis samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn til að jafna sveiflur.

Mynd 2.7. Atvinnuleysi (vinstri), atvinnuþátttaka sem árstíðarleiðrétt leitni (hægri)




Skýringar: Skráð atvinnuleysi skv. Vinnumálastofnun, mælt atvinnuleysi og atvinnuþátttaka (árstíðarleiðrétt leitni) úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Heimildir: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun.

2.4. Innflytjendur á íslenskum vinnumarkaði

Þátttaka innflytjenda á vinnumarkaði hér á landi er ein sú mesta meðal OECD þjóða.¹⁸ Lítil munur er á hlutfalli starfandi innflytjenda og þeirra með íslenskan bakgrunn, sjá mynd 2.8. Almennt er hlutfall starfandi hátt á Íslandi burtséð frá kyni eða bakgrunni.

Í öðrum Evrópulöndum er víðast lítil munur á hlutfalli starfandi meðal innfæddra og innflytjenda frá Evrópska efnahagssvæðinu (EES) en þátttaka þeirra á vinnumarkaði er í sumum löndum jafnvel meiri en meðal innfæddra. Hins vegar er atvinnuþátttaka innflytjenda utan Evrópska efnahagssvæðisins víða mun minni. Ísland sker sig úr hvað þetta varðar því hér á landi er lítil munur á atvinnuþátttöku þessara þriggja hópa. Atvinnuþátttaka innflytjenda utan EES er meiri hér á landi en víða í Evrópu, óháð menntunarastigi. Atvinnuleysi er þó að jafnaði meira meðal innflytjenda, bæði hérlendis og erlendis, og versnandi atvinnuástand bitnar fyrr á þeim með auknu atvinnuleysi.

Mynd 2.8. Hlutfall starfandi innfæddra og innflytjenda árin 2020-2022 (vinstri) og hlutfall starfandi af íbúum eftir bakgrunni skv. staðgreiðsluskrá, 2000-2023 (hægri)




Heimildir: OECD (2024), „Indicators of Immigrant Integration 2023“, og Hagstofa Íslands.

¹⁸ Hér er byggt á nýlegri skýrslu OECD um innflytjendur á Íslandi („Skills and Labour Market Integration of Immigrants and their Children in Iceland“)

Bakgrunnur fólks er nokkuð ólíkur eftir atvinnugreinum. Hlutfallslega fleiri innflytjendur starfa í iðnaði, ferðapjónustu og sjávarútvegi. Einn af hverjum fjórum innflytjendum starfar í ferðapjónustu, en aðeins 8% fólks með íslenskan bakgrunn. Lægra hlutfall innflytjenda starfar hins vegar í þjónustu hjá hinu opinbera.

Mynd 2.9. Hlutfallsleg samsetning meðal innflytjenda og fólks með íslenskan bakgrunn eftir atvinnugrein



Skýring: Samkvæmt staðgreiðslugögnum. Skýringu á atvinnugreinaflokkun má sjá í viðauka I. Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnarsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta, en hluti atvinnurekstrar í þessum greinum er þó á höndum einkaaðila. Heimild: Hagstofa Íslands.

Almennt flytjast innflytjendur búferlum til landsins vegna atvinnu. Konur eru líklegri til að fylgja fjölskyldu til landsins en karlar. Þegar spenna í efnahagslífinu er meiri hér á landi samanborið við helstu viðskiptalönd fjölgar fólki á vinnufærum aldri hraðar en þegar spenna er hlutfallslega minni hér á landi. Efnahagssumsvif og atvinnutækifæri ráða því miklu um hversu margir flytja til og frá landinu.¹⁹

Í samanburði við önnur lönd eru innflytjendur á Íslandi vel menntaðir þó að almennt sé menntunarstig Íslendinga hærra. Mun algengara er þó að innflytjendur sinni starfi sem er ekki í samræmi við menntunarstig þeirra. Þannig er þriðjungur innflytjenda með menntun umfram það sem starf þeirra krefst en meðal fólks með íslenskan bakgrunn er það tíundi hver. Munurinn er sá mesti hér á landi innan OECD. Innflytjendur sem hingað koma eru hlutfallslega fjölmennir í greinum eins og ferðapjónustu, byggingariðnaði og sjávarútvegi, þar sem menntunarkröfur eru almennt lægri en í öðrum atvinnugreinum. Enn fremur eru vísbendingum um að kunnátta innflytjenda á tungumáli búseturíkis sé lítil á Íslandi í samanburði við önnur OECD ríki.


Íbúasamsetning hér á landi hefur breyst mikið það sem af er öldinni og fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað mun meira hér á landi en í öðrum OECD ríkjum. Þessi breyting átti sér að mestu stað eftir árið 2004 í kjölfar inngöngu Austur-Evrópuríkja í Evrópusambandið. Þróunin er mest áberandi í tveimur bylgjum, annars vegar á árunum 2005-2008 og hins vegar eftir 2016. Hlutfall innflytjenda

¹⁹ Sjá rammagrein 1 í fjármálastöðugleikaskýrslu 2024/2 Seðlabanka Íslands.

af íbúum landsins fór þannig úr 4,2% árið 2004 í 18,4% árið 2023. Á þessu tímabili hefur samsetning hópsins sem hingað flyst einnig breyst mikið og eru Evrópubúar utan Norðurlandanna nú mun fleiri en í upphafi aldarinnar. Þá er aldurssamsetning innflytjenda töluvert frábrugðin aldurssamsetningu Íslendinga en þeir sem hingað flytjast eru hlutfallslega fleiri á vinnualdri, einkum á aldrinum 25-45 ára.

Búsetutími þeirra sem hingað hafa flutt á síðustu tveimur áratugum er heldur lengri en í öðrum Evrópulöndum. Hlutfall innflytjenda sem búa í landinu 3 ár eftir komu er í hærra laginu á meðan að hlutfall þeirra sem enn búa í landinu eftir 5 ár er í meðallagi af þeim löndum sem borin eru saman á mynd 2.10. Það gefur vísbendingu um að margir kunni að hafa hug á að setjast hér að til lengri tíma.

Mynd 2.10. *Búsetutími innflytjenda, hlutfall innflytjenda sem búa í landi 3 eða 5 ár eftir komu*



Heimild: OECD (2024). „Skills and Labour Market Integration of Immigrants and their Children in Iceland“.

3.

Laun og launaþróun

3.1. Samantekt

Í heildina hefur launavísitalan hækkað um 4,6% það sem af er núverandi kjarasamningstímabili, frá febrúar til september 2024. Á almennum vinnumarkaði tóku nýir kjarasamningar gildi fyrir meginþorra launafólks í febrúar 2024. Á opinberum markaði losnuðu flestir samningar í lok mars og fyrstu samningar voru undirritaðir í júní en enn er ósamið við stóran hluta opinbera vinnumarkaðsins.

Laun hafa því hækkað meira á almennum markaði en á opinberum vinnumarkaði það sem af er kjarasamningabilinu. Sundurliðuð gögn KTN um launaþróun eftir mörkuðum liggja fyrir fram til júlímánaðar. Grunntímakaup á almennum markaði hækkaði á tímabilinu frá febrúar til júlí um 5,2%, hjá Reykjavíkurborg um 2,9% og hjá ríki og sveitarfélögum utan Reykjavíkur um rúmlega 2%. Skýrist þessi munur einkum af því að enn eru stórir hópar með lausa kjarasamninga hjá hinu opinbera.

Í þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið í samningalotunni var farin blönduð leið krónutöluhækkana og prósentuhækkana og eru samningsbundnar launaþækkunir því hlutfallslega mestar á lægri laun.

Að teknu tilliti til verðlagsþróunar á tímabilinu hefur kaupmáttur grunntímakaups aukist um 1,5% í núverandi kjarasamningslotu. Á almennum vinnumarkaði var kaupmáttaraukning 2,2%. Enn er ósamið við stóran hluta launafólks á opinberum vinnumarkaði, sem skýrir kaupmáttarrýrnun um 0,6% til 0,9% hjá ríki og sveitarfélögum utan Reykjavíkur á sama tímabili og óbreyttan kaupmátt hjá Reykjavíkurborg.


Regluleg laun allra fullvinnandi á vinnumarkaði voru að meðaltali 821.000 kr. í maí 2024. Meðallaun voru hæst á almenna vinnumarkaðnum hvort sem litið er til grunnlauna, reglulegra launa eða reglulegra heildarlauna. Miðgildi reglulegra launa allra á vinnumarkaði var 735.000 kr. í maí 2024 en miðgildi launa var hæst hjá ríkinu á alla fyrrgreinda mælikvarða.

Dreifing launa á almenna markaðnum er mun meiri en hjá hinu opinbera. Í síðustu löngu samningalotu árin 2019-2022 hækkuðu laun um tiltekna krónutölur en í skammtíamasamningunum sem gerðir voru undir lok árs 2022 og á fyrri hluta árs 2023 var farin blönduð leið krónutöluhækkana og hlutfallshækkana. Þessir samningar skiluðu hlutfallslega mestri hækkun á lægri laun. Áhrif þessa sjást glögglega í því að á síðustu fimm árum hefur munur hæstu og lægstu launa dregist saman á íslenskum vinnumarkaði. Þannig hefur tíundastuðull, sem er hlutfall milli launa við efstu og neðstu tíundamörkin, lækkað markvert bæði á almennum og enn meira á opinberum vinnumarkaði á undanfönum fimm árum.

3.2. Launaþróun

Launaumfjöllun í skýrslum KTN byggir á launagögnum frá Hagstofu Íslands sem safnar mánaðarlega upplýsingum um launagreiðslur frá ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum, þar sem starfa tíu eða fleiri.²⁰ Á almennum vinnumarkaði tóku nýir kjarasamningar gildi í febrúar 2024. Í kjölfarið hækkaði launavísitala um 2,3% milli febrúar og mars og áhrif nýrra samninga héldu áfram að birtast í hækkun vísitölnunnar á næstu mánuðum á eftir, sjá mynd 3.1. Á heildina hækkaði launavísitalan á öllum vinnumarkaðnum um 4,6% frá febrúar til september í ár en þá má áætla að samningum hafi verið lokið við 80-90% alls vinnumarkaðarins.

Mynd 3.1. *Breyting launavísitölu og vísitölu grunnlauna frá febrúar 2024 til september 2024 (vísitala febrúar 2024 = 100)*




KTN greinir laun og launaþróun fyrir almennan vinnumarkað, ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög út frá launagögnum Hagstofu Íslands og nær það niðurbrot til júlímánaðar 2024. Á almennum vinnumarkaði voru kjarasamningar fyrir meginþorra launafólks undirritaðir í mars sl. með gildistöku frá 1. febrúar 2024. Umsamdar almennar launahækkningar voru um 3,25% - 3,5% og lágmarkshækkun 23.750 krónur. Í kjölfarið hækkaði grunntímakaup, sem best endurspeglar umsamdar launahækkningar í kjarasamningum, á almennum vinnumarkaði og héldu áhrif samninganna áfram að koma fram í hækkun grunnlauna á næstu mánuðum, sjá mynd 3.2.

Á opinberum markaði losnuðu samningar flestra hópa í lok mars en fyrstu samningar voru undirritaðir í júní fyrir hluta félagsmanna Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og BSRB hjá ríki og sveitarfélögum og eitt aðildarfélag Bandalag háskólamanna (BHM) við ríkið en öðrum samningum á opinberum markaði var ólokið í júlí 2024. Þannig má sjá að hjá ríkinu hækkaði grunntímakaup um 0,9% í júní og um 0,7% hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar. Hjá Reykjavíkurborg komu fyrstu samningar til framkvæmda í júlí en þá hækkaði grunntímakaup hjá starfsfólki borgarinnar um 2,6%.

²⁰ Nánari skýringar á gögnum og launahugtökum eru í viðaukum II og III.

Mynd 3.2. Vísitala grunntímakaups (vinstri) og reglulegs tímakaups (hægri) frá febrúar 2024 til júlí 2024 (vísitölur febrúar 2024 = 100)




Skýring: Í launvísitölu er notað launahugtakið reglulegt tímakaup sem er sambærilegt hugtakinu regluleg laun.

Töluverður munur er á hækkunum milli markaða á tímabilinu frá febrúar til júlí sem skýrist einkum af því að samningum var á tímabilinu lokið við flest félög á almennum markaði en ósamið var við stóran hluta launafólks á opinberum markaði. Á heildina litið hækkaði grunntímakaup um 4,3% á tímabilinu en almenni markaðurinn, þar sem samningum var lokið að mestu, vegur um tvo þriðju hluta í vísitölunni. Sé þróunin skoðuð eftir mörkuðum má sjá að hækkunin var mest á almennum markaði þar sem grunntímakaup hækkaði um 5,2%, hjá Reykjavíkurborg var hækkunin 2,9% og hjá ríki og sveitarfélögum utan Reykjavíkur hækkaði grunntímakaup um rúmlega 2%.

Á tímabilinu febrúar til júlí 2024 hækkaði reglulegt tímakaup, þ.e. grunntímakaup að viðbættum launaaukum²¹, nokkuð minna en grunntímakaup á almennum markaði sem skýrist m.a. af breytingum á samningum sem ná til veitingageirans²² og gefa aukna möguleika til sveigjanleika í mönnun. Talsverður munur var á þróun þessara tveggja mælikvarða hjá ríki og sveitarfélögum utan Reykjavíkur á tímabilinu, sjá nánar mynd 3.3. Þetta frávik er að miklu leyti vegna meiri hækkana á grunntímakaupi en reglulegu tímakaupi í júní og júlí en þeir samningar sem gerðir voru í júní voru þá ekki að fullu komnir til framkvæmda.

²¹ Með launaaukum er átt við ýmsar álagsgreiðslur, s.s. vaktálag, sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili.

²² Hér er vísað til samninga SA við Matvís og ferðaþjónustusamninga SA við Eflingu og SGS.


Mynd 3.3. *Breyting á vísitölu grunntímakaups og vísitölu reglulegs tímakaups frá febrúar 2024 til júlí 2024*

Launabróun eftir mörkuðum og heildarsamtökum

Frá febrúar til júlí 2024 hækkaði grunntímakaup í heildina um 4,3% á vinnumarkaðnum öllum. Á almenna markaðnum hækkaði grunntímakaup hjá verkafólki sem eru félagsmenn í Eflingu og aðildarfélögum SGS, um 5,9% á tímabilinu sem endurspeglar áherslur nýlegra kjarasamninga á krónutöluhækkunir kauptaxta. Grunntímakaup hjá verslunar- og skrifstofufólki (VR/LÍV) hækkaði um 4,8% og hjá iðn- og tæknifólki um 5,2% en kjarasamningar þessara hópa kváðu á um 3,25% - 3,5% almennar launahækkunir en þó að lágmarki 23.750 kr. og hækka virkir kauptaxtar í flestum tilvikum á bilinu 4,6% - 5,9% á ári á samningstímanum.

Á opinberum markaði eru það einkum hópar á samningssviði ASÍ og BSRB sem hafa lokið kjarasamningum á því tímabili sem gögn KTN ná til að þessu sinni. Það skýrir af hverju hækkanir þessara hópa eru mun meiri á tímabilinu en hjá félagsmönnum aðildarfélaga BHM og hjá Kennarasambandi Íslands (KÍ).

Hjá ASÍ á opinbera markaðnum voru hækkanir á grunntímakaupi á bilinu 2,4% - 5,3% frá febrúar til júlí 2024 en samningum Eflingar við ríki og sveitarfélög utan Reykjavíkurborgar var ólokið á þessum tíma. Hjá félagsmönnum aðildarfélaga BSRB á opinbera markaðnum námu hækkanir á grunntímakaupi á sama tímabili 4,7% - 5,2% en samningum stærstu hópanna innan þeirra raða var lokið á þessu tímabili. Meðal aðildarfélaga BHM hefur kjarasamningum verið lokið fyrir um 45% félagsmanna í þessari samningalotu og eru hækkanir á grunntímakaupi því mun minni á tímabilinu meðal þeirra eða á bilinu 0,5% - 1,5%. Engum kjarasamningum á samningssviði KÍ er lokið og er grunntímakaup nánast óbreytt á tímabilinu.


Mynd 3.4. *Breyting grunntímakaups frá febrúar 2024 til júlí 2024 eftir mörkuðum og*

heildarsamtökum

Skýringar: ASÍ iðn- tæknifólk er launafólk í stéttarfélögum iðn- og tæknifólks. ASÍ verslunarfólk er launafólk sem á aðild að stéttarfélögum innan Landssambands íslenskra verslunarmanna. Verkafólk er launafólk sem er í Eflingu og aðildarfélagum Starfsgreinasambands Íslands.

3.3. Kaupmáttur launa

Dregið hefur úr verðbólgu á liðnu ári og sé horft til þróunar á vísitölu neysliverðs þá nam ársverðbólga í október 5,1% og hafði þá lækkað úr 7,9% frá sama tíma árið áður. Það sem af er samningalotunni, frá febrúar til júlí 2024, hækkaði grunntímakaup á vinnumarkaðnum öllum um 4,3% en á sama tíma hækkaði almennt verðlag samkvæmt vísitölu neysliverðs um 2,9%. Kaupmáttur grunntímakaups hefur því heilt yfir hækkað um 1,5% það sem af er nýrri samningalotu. Á almenna markaðnum þar sem flestum kjarasamningum er lokið og launahækkningar almennt komnar til framkvæmda var kaupmáttaraukningin mest eða 2,2% en kaupmáttur grunntímakaups rýrnaði um 0,6% - 0,9% hjá ríki og sveitarfélögum utan Reykjavíkur á sama tímabili og stóð í stað hjá Reykjavíkurborg enda samningum stórra hópa á opinberum markaði þá ólokið.


Mynd 3.5. *Breyting á kaupmætti grunntímakaups og reglulegs tímakaups frá febrúar 2024 til júlí 2024*

3.4. Vægi markaða og heildarsamtaka

Samsetning vinnumarkaðarins hvað vægi heildarsamtaka og markaða varðar gerir það að verkum að sumir hópar hafa meiri áhrif á launaþróun og launastig vinnumarkaðarins í heild sinni. Félagsfólk aðildarfélaga ASÍ vegur alls um helming í gagnasafni Hagstofu Íslands fyrir vísitölu grunntímakaups. Félagsfólk í aðildarfélögum BHM, BSRB og KÍ vegur samanlagt rúman fjórðung í vísitölunni, félagsmenn stéttarfélaganna sem ekki eru hluti af heildarsamtökunum fjórum vega um fimmtung og launafólk utan stéttarfélaganna um 6%.

Vægi heildarsamtaka eftir mörkuðum í vísitölu grunntímakaups er sýnt á mynd 3.6. Félagsfólk stéttarfélaganna innan ASÍ vega mest í vísitölu grunntímakaups á almennum vinnumarkaði, eða um tvo þriðju. Félagsmenn BHM vega mest hjá ríkinu, eða um þriðjung. Hjá Reykjavíkurborg vegur BSRB mest (37%) og hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur vegur KÍ mest (39%).

Mynd 3.6. Vægi heildarsamtaka í vísitölu grunntímakaups eftir mörkuðum í maí 2024



Á almennum vinnumarkaði er ríflega fimmtungur launafólks í stéttarfélögum utan heildarsamtaka. Þar af eru fjórir af hverjum fimm úr röðum Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, Stéttarfélags verkfræðinga, Félags íslenskra atvinnuflugmanna eða Flugvirkjafélags Íslands. Hjá ríki er um fjórðungur launafólks félagar í stéttarfélögum utan heildarsamtaka. Flestir í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga eða Læknafélagi Íslands. Hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum er mjög lágt hlutfall launafólks í stéttarfélögum utan heildarsamtaka. Af þeim sem eru utan heildarsamtaka eru rúmlega fjórir af hverjum fimm félagsmenn í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Kjarafélagi tæknifræðingafélags Íslands.

Hluti launafólks á íslenskum vinnumarkaði er utan stéttarféлага. Á opinberum markaði ber helst að nefna þá sem ekki hafa samningsrétt, svo sem forstöðumenn stofnana, dómara, alþingismenn, yfirstjórnir sveitarféлага og stundakennara í háskólum. Á almennum vinnumarkaði eru það helst stjórnendur og sérfræðingar sem eru utan stéttarféлага.

3.6. Launastig

Umfjöllun KTN um launastig á vinnumarkaði byggir á gögnum úr launarannsókn Hagstofu Íslands. Fjallað er um grunnlaun, regluleg laun og regluleg heildarlaun launafólks í fullu starfi eftir mörkuðum og heildarsamtökum. Umfjöllunin tekur nú til launa í maí 2024 en í vorskýrslu nefndarinnar var fjallað um ársmeðaltöl fyrir árið 2023.²³ Rétt er að benda á að ársmeðaltöl jafna út áhrif árstíðasveiflna í yfirvinnugreiðslum og launaaukum sem geta verið breytilegar á milli mánaða. Einnig má benda á að í maí 2024 var samningum enn ólokið á opinberum markaði en flestum samningum á almennum markaði var lokið. Skoða ber tölurnar með ofangreindum fyrirvörum. Við samanburð milli markaða og heildarsamtaka þarf að hafa í huga að samsetning starfa er mismunandi og má sem dæmi nefna að hlutfall stjórnenda og sérfræðinga er hærra hjá ríkinu en á almennum markaði eða sveitarfélögum og verkafólk starfar flest á almenna markaðnum.

²³ Sjá vorskýrslu KTN 2024.


Regluleg laun allra fullvinnandi á vinnumarkaði voru að meðaltali 821.000 kr. í maí 2024. Meðallaun voru hæst á almenna vinnumarkaðnum hvort sem litið er til grunnlauna, reglulegra launa eða reglulegra heildarlauna en meðaltal reglulegra launa var um 8% hærra á almenna markaðnum en hjá ríkinu og um 15% hærra en hjá sveitarfélögum. Miðgildi reglulegra launa var 735.000 kr. í maí 2024 en miðgildi launa var hæst hjá ríkinu hvort sem litið er til grunnlauna, reglulegra launa eða reglulegra heildarlauna. Miðgildi reglulegra launa var 6% hærra hjá ríkinu en á almennum markaði og 7% hærra en hjá Reykjavíkurborg og 9% hærra en hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar, sjá mynd 3.9.

Regluleg heildarlaun eru samsett úr grunnlaunum, launaaukum og yfirvinnugreiðslum, sjá nánar skilgreiningar á launahugtökum í viðauka III. Við samanburð á samsetningu launa hjá fullvinnandi launafólki má sjá að vægi grunnlauna í reglulegum heildarlaunum á vinnumarkaðnum öllum var 84% en hæst var hlutfallið hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur (88%) en lægst hjá ríkinu (75%), sjá mynd 3.7.

Launaaukar eru ýmsar álagsgreiðslur, s.s. vaktaálag, sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili. Þær voru á bilinu 6% - 10% af reglulegum heildarlaunum. Minnst vógu launaaukar í heildarlaunum hjá ríkinu (6%) en mest hjá Reykjavíkurborg (10%). Yfirvinnugreiðslur vega þyngst í heildarlaunum hjá ríkinu (11%) en hafa minnst vægi hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum (6%).

Við samanburð á launum á milli markaða og heildarsamtaka er gott að hafa í huga að í þeim störfum þar sem fastlaunasamningar eru algengir eða þar sem almennt tíðkast að greiða fasta yfirvinnu þá er ekki sérstaklega haldið utan um yfirvinnugreiðslur í launakerfum. Í þeim tilvikum eru þær greiðslur því hluti af reglulegum launum.


Mynd 3.7. Samsetning reglulegra heildarlauna fullvinnandi í maí 2024 eftir mörkuðum, meðaltal mánaðarlauna í þúsundum króna



Þegar samsetning launa er borin saman eftir heildarsamtökum launafólks og viðsemjendum má sjá að á almennum markaði var vægi grunnlauna í reglulegum heildarlaunum í maí 2024 hlutfallslega mest meðal félagsmanna BHM (98%) en minnst hjá félagsmönnum BSRB (68%) en hjá þeim hópi vega launaaukar vegna vaktavinnu þungt og eru 22% reglulegra heildarlauna.

Hjá hinu opinbera eru áhrif launaauka á regluleg heildarlaun nær engin hjá félagsmönnum innan raða KÍ sem starfa hjá ríkinu. Yfirvinnugreiðslur vega hins vegar þyngst hjá félagsmönnum KÍ sem starfa hjá ríkinu eða 21% af reglulegum heildarlaunum í maí 2024. Yfirvinnugreiðslur hafa minnst vægi í maí 2024 í reglulegum heildarlaunum félagsmanna í aðildarfélögum BHM sem starfa á almennum markaði (1%), sjá mynd 3.8.

Mynd 3.8. Samsetning reglulegra heildarlauna fullvinnandi í maí 2024 eftir heildarsamtökum og mörkuðum, meðaltal mánaðarlauna í þúsundum króna




3.7. Launadreifing

Dreifing launa er nokkuð ólík eftir mörkuðum og samningssviðum. Dreifing launa á almenna markaðnum er mun meiri en hjá hinu opinbera sem endurspeglast t.a.m. í því að þar er mestur munur á meðaltali og miðgildi (50%) launa hvort sem litið er til grunnlauna, reglulegra launa eða reglulegra heildarlauna. Dreifing launa út frá svokölluðum tíundastuðlum sem segja til um hlutfallið á milli efstu (90%) og neðstu tíund launa (10%) er mest á almennum markaði.

Við samanburð á launadreifingu milli markaða er rétt að hafa í huga að vægi almenna markaðarins er ríflega tveir þriðju en vægi opinbera markaðarins í heild sinni um þriðjungur og áhrif þeirra á launadreifingu á vinnumarkaðnum öllum því mismikil. Auk þess eru atvinnugreinar og störf margbreytilegri á almenna markaðnum en hjá ríki og sveitarfélögum sem skýrir að hluta meiri launadreifingu.

Mynd 3.9. Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna fullvinnandi í maí 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna




Tíundastuðull reglulegra heildarlauna á almennum markaði var 2,46 í maí 2024 sem þýðir að efstu tíundamörkin (90%) eru 146% hærri en neðstu tíundamörkin (10%), sjá töflu 3.1. Mestur munur er á efstu tíundarmörkum í hlutfalli við miðgildi launa á almennum markaði. Hins vegar er munurinn á neðstu tíundarmörkum og miðgildi launa sambærilegur á almennum markaði og á hinum opinbera. Þannig má einkum rekja mikla launadreifingu á almennum markaði til þess að þar er hlutfallslega fámennur hópur stjórnenda sem fær greidd há laun miðað við það sem almennt gerist á vinnumarkaði.

Launadreifingin var næstmest hjá ríkinu þar sem tíundastuðull reglulegra heildarlauna var 2,01 sem þýðir að efstu tíundarmörk reglulegra heildarlauna eru 101% hærri en neðstu tíundarmörk. Launadreifingin var næst minnst hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur þar sem efstu tíundarmörk reglulegra heildarlauna eru tvöföld miðað við neðstu tíundarmörk og minnst hjá Reykjavíkurborg þar sem munurinn er 92%.

Tafla 3.1. *Tíundarstuðull launa eftir mörkuðum í maí 2024*

	Alls	Almennur markaður	Ríki	Reykjavíkurborg	Sveitarfélög án RVK
Grunnlaun	2,48	2,85	2,02	1,70	1,74
Regluleg laun	2,29	2,51	1,81	1,85	1,86
Regluleg heildarlaun	2,37	2,46	2,01	1,92	1,99

Munur hæstu og lægstu launa hefur dregist saman á síðustu árum. Kjarasamningar á tímabilinu 2019-2023 skiluðu hlutfallslega mestri hækkun lægstu launa. Í síðustu löngu samningalotu 2019-2022 hækkuðu laun um tilteknar krónutölur en í skammtímasamningunum sem gerðir voru undir lok árs 2022 og á fyrri hluta árs 2023 var farin blönduð leið krónutöluhækkana og prósentuhækkana. Áhrif þessara kjarasamninga má glögglega sjá í þróun launadreifingar á vinnumarkaðnum öllum. Tíundarstuðull á almennum vinnumarkaði var nokkuð stöðugur á tímabilinu 2014-2019 þegar hann var í kringum 2,6. Frá 2019 til 2022 lækkaði tíundarstuðull á almennum markaði úr 2,6 í 2,4 en hækkaði svo lítillega árið 2023. Svipuð þróun átti sér stað á opinberum markaði. Þar var óveruleg breyting á tíundarstuðlum á tímabilinu 2014-2019 en stuðullinn lækkaði markvert á tímabilinu 2019-2023.

Mynd 3.10. *Tíundarstuðlar reglulegra heildarlauna eftir mörkuðum, 2014-2023*

4.

Kjarasamningar

4.1. Samantekt

Kjarasamningar SA og aðildarfélaganna ASÍ voru undirritaðir í fyrri hluta marsmánaðar 2024 fyrir meginþorra launafólks á almennum markaði með gildistíma frá 1. febrúar 2024 til janúarloka 2028 og var aftur farin blönduð leið krónutölu- og prósentuhækkana. Samið var um 3,25% – 3,5% almenna launahækkun eða að lágmarki 23.750 krónur og hækkuðu virkir kauptaxtar aðalkjarasamninga SA við félög innan ASÍ í flestum tilvikum um á bilinu 4,6% - 5,9% á ári út samningstímann. Meginmarkmið samninganna er að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta, auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Í kjölfarið hafa samningar á sambærilegum nótum verið undirritaðir fyrir flesta aðra hópa á almennum vinnumarkaði. Langtímakjarasamningar hafa því verið gerðir fyrir allfesta á almennum vinnumarkaði í þessari samningalotu.

Kjarasamningar á opinberum markaði runnu flestir út í lok mars 2024 og hófust formlegar kjarasamningsviðræður í kjölfar undirritunar á almennum markaði. Samningum á opinbera markaðnum er lokið við flest félög innan ASÍ og BSRB og hluta félagsmanna BHM á sambærilegum nótum og á almennum vinnumarkaði. Enn er ósamið er við meirihluta launafólks innan BHM, öll aðildarfélög KÍ sem og lækna og hjúkrunarfræðinga sem standa utan heildarsamtaka. Áætla má að samið hafi verið við um helming launafólks hjá ríkinu og sveitarfélögum utan Reykjavíkur og allflest launafólk hjá Reykjavíkurborg í þessari kjaralotu að kennurum undanskildum sem borgin semur við í samfloti við önnur sveitarfélög. Enn er ósamið við um 11.000 manns hjá ríkinu og um 13.000 hjá sveitarfélögunum.

4.2. Helstu kjarasamningar 2024

Í yfirstandandi samningalotu sem hófst í febrúar á þessu ári hafa verið undirritaðir kjarasamningar fyrir allflest launafólk á almennum vinnumarkaði og hjá Reykjavíkurborg en samningum er enn ólokið við um helming launafólks hjá ríki og öðrum sveitarfélögum. Það sem af þessari samningalotu hefur 44 málum verið vísað til ríkissáttasemjara en að baki hverju máli eru í mörgum tilvikum fleiri en eitt stéttarfélag í samfloti. Af þessum málum er 23 lokið með kjarasamningi en 21 mál er enn á borði ríkissáttasemjara. Verkföll voru boðuð í tveimur tilvikum en samið var áður en til þeirra kom auk þeirra verkfalla félaga innan KÍ sem voru yfirstandandi við frágang skýrslunnar. Þá hafa félagar í læknafélaginu og félagsmenn Hlífar á leikskólum Hafnafjarðarbæjar boðað verkföll í lok nóvember.

Samtök atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins gera að jafnaði rúmlega 130 kjarasamninga í hverri samningalotu. Í yfirstandandi lotu gerðu samtökin samninga við 33 stéttarfélög innan ASÍ með undirritun þriggja kjarasamninga í mars 2024. Þá hafa verið undirritaðir 34 kjarasamningar (bæði fyrirtækjasamningar og almennir kjarasamningar) til viðbótar við félög innan ASÍ og 27 samningar við félög utan ASÍ í yfirstandandi samningalotu. Í október 2024 voru tæplega 20 kjarasamningar á samningssviði SA enn lausir en þar að auki losna samningar í fluggeiranum á árinu 2025 og samningar tveggja álfyrirtækja á næstu mánuðum.

Samningar við félög innan ASÍ

Kjarasamningar voru undirritaðir í fyrri hluta marsmánaðar 2024 fyrir meginþorra launafólks á almennum markaði með gildistíma frá 1. febrúar 2024 til janúarloka 2028 og var aftur farin blönduð leið krónutölu- og prósentuhækkana. Meginmarkmið samninganna er að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta, auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Kjarasamningar hafa nú verið undirritaðir fyrir allflest launafólk á almennum vinnumarkaði.

Í kjarasamningum verkafólks (SGS og Efling) við SA var samið um árlegar hækkanir virkra kauptaxta á bilinu 23.750 - 26.773 krónur. Í samningum verslunar- og skrifstofufólks (VR/ LÍV) og stéttarfélaganna iðnaðar- og tæknifólks við SA var samið um 3,25% - 3,5% almenna launahækkun árlega eða að lágmarki 23.750 krónur. Virkir kauptaxtar í aðalkjarasamningum á almennum markaði hækka þannig í flestum tilvikum á bilinu 4,6% - 5,9% á ári út samningstímann. Að auki er í samningum ASÍ félaganna og SA kveðið á um greiðslu svonefnds kauptaxtaauka ef kauptaxtar hækka minna en hækkun launavísitölu á almennum markaði á samningstímanum og sérstaks framleiðniauka sem kemur til greiðslu ef framleiðni eykst umfram 2% árlega á tímabilinu 2024 – 2026 og uppsafnaður hagvöxtur er jákvæður. Þá var samið um lengingu orlofs auk ýmissa sértækra þátta fyrir tiltekna hópa.

Í samningum SA við félög innan ASÍ eru forsenduákvæði um verðlagsþróun og efnidir á aðgerðum í yfirlýsingu ríkisstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélaganna sem gefin var í tengslum við samningana. Í yfirlýsingunni eru settar fram aðgerðir til næstu fjögurra ára til stuðnings kjarasamningum sem snúa einkum að úrbótum í húsnæðismálum, húsnæðisstuðningi og auknum stuðningi við barnafjölskyldur m.a. í gegnum barnabætur, hækkun fæðingarorlofsgreiðslna og gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Þá munu gjaldskrár ríkisins ekki hækka umfram 2,5% á árinu 2025 og sveitarfélög lýsa yfir vilja til að endurskoða gjaldskrárhækkanir ársins 2024 hafi þær verið umfram 3,5%. Einnig verða gerðar umbætur á Menntasjóði námsmanna sem lúta einkum að því að létta vaxtabyrði og draga úr ófyrirséðum hækkunum

vegna verðbólgu og vaxta á afborganir námslána. Forsendunefnd skipuð fulltrúum félaga innan ASÍ og SA skal í september 2025 og 2026 leggja formlegt mat á forsendur og eftir atvikum semja um viðbrögð við forsendubresti. Náist slíkt samkomulag ekki er heimilt að segja samningnum upp eigi síðar en 8. október 2025 og 2026 og fellur hann þá úr gildi 31. október sama ár.

Nánar er fjallað um kjarasamninga aðildarfélaganna ASÍ og SA í síðustu vorskýrslu KTN.

Tafla 4.1. *Launabreytingar í kjarasamningum 2024 á almennum vinnumarkaði.*

Dagsetning	Hlutfallshækkun	Lágmarkshækkun krónur
1. febrúar 2024	3,25%	23.750
1. janúar 2025	3,50%	23.750
1. janúar 2026	3,50%	23.750
1. janúar 2027	3,50%	23.750

Verðlagsforsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði

Lagt verður mat á forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í september 2025 og september 2026. Bresti forsendur og náist ekki samkomulag milli aðila um viðbrögð er heimilt að segja samningnum upp eigi síðar en 8. október 2025 og 2026 og fellur hann þá úr gildi 31. október sama ár.

Verðlagsforsendur samninganna eru að 12 mánaða verðbólga í ágúst 2025 verði 4,95% eða lægri. Forsenda um verðlag telst þó hafa staðist ef verðbólga á tímabilinu frá mars - ágúst 2025 verður 4,7% eða lægri miðað við árshraða. Í september 2026 teljast forsendur standast ef 12 mánaða verðbólga í ágúst 2026 er 4,7% eða lægri. Forsenda um verðlag telst þó standast ef verðbólga á 6 mánaða tímabilinu frá mars - ágúst 2026 verður 4,4% eða lægri miðað við árshraða. Miðað við stöðuna nú var 12 mánaða verðbólga í október 2024 5,1% og 6 mánaða verðbólga á tímabilinu maí til október á ársgrundvelli mældist 3,4%

Aðrir samningar SA við félög utan ASÍ

SA hafa gert 7 almenna kjarasamninga við stéttarfélög utan ASÍ, stærst eru Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF), Samband stjórnendafélaga (STF) og Bláðamannafélag Íslands (BÍ) og ná þessir samningar til um 7.200 þúsund manns en 2-3²⁴ samningum er enn ólokið sem taka til um 1.500 manns. Samningarnir eru allir langtímasamningar til fjögurra ára og fylgja fordæmi samninganna á almennum markaði.

²⁴ Unnið er að gerð tæknigreinasamnings við félög iðn- og tæknifólks, að honum meðtöldum er fjöldinn 3.

Fyrirtækjasamningar SA

Fyrirtækjasamningar SA (kjarasamningur stéttarfélags við eitt fyrirtæki) eru í aðalatriðum annars vegar gerir við fyrirtæki þar sem vinnufyrirkomulag, t.d. í vaktavinnu, er ólíkt því sem gengur og gerist í kjarasamningum á samningssviðinu og hins vegar í fyrrverandi ríkisfyrirtækjum sem voru með kjarasamninga við félög innan BSRB og BHM og eru nú á almennum vinnumarkaði sem opinber hlutafélög. Í lok október höfðu SA gert 47 fyrirtækjasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja sinna í yfirstandandi kjaralotu en um 15 fyrirtækjasamningum var enn ólokið. Alls voru um 3.200 manns á kjörskrá þeirra fyrirtækjasamninga sem SA hafa lokið og áætla má að þeir samningar sem eru lausir og enn er ólokið nái til um 500-1.000 launamanna.

Ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg

Kjarasamningar á opinberum markaði runnu flestir út í lok mars og hófst samningalotan þar í kjölfar undirritunar samninga á almennum markaði. Samningum við um helming launafólks hjá ríkinu er lokið en 38 samningum er ólokið sem ná til um 11 þúsund starfsmanna hjá hinu ríkinu. Samningum er lokið við allflest launafólk hjá Reykjavíkurborg að kennurum undanskildum sem borgin semur við í samfloti við önnur sveitarfélög. Samningum er lokið við um helming launafólks hjá öðrum sveitarfélögum en ósamið er við um 13.000 manns. Launahækkningar hjá ríki og sveitarfélögum eru sambærilegar og á almenna markaðnum auk þess sem að vinnutímabreytingar voru skrifðar inn í kjarasamninginn sbr. rammagrein 2.

ASÍ

Starfsgreinasamband Íslands undirritaði þann 3. júní kjarasamning fyrir hönd 17 aðildarfélaganna við Samninganefnd sveitarfélaga (SNS) og þann 18. júní við samninganefnd ríkisins. Þá undirrituðu Matvís, Rafiðnaðarsamband Íslands (RSÍ), VM og SNS kjarasamning þann 3. júní og Samiðn þann 11. júní við bæði SNS og Reykjavíkurborg. Samningarnir gilda allir afturvirkir frá 1. apríl 2024 – 31. mars 2028 og eru launahækkningar á sambærilegum nótum og þeir samningar sem undirritaðir hafa verið á almennum vinnumarkaði. Samningum RSÍ við ríkið er ólokið.

Efling stéttarfélag undirritaði kjarasamning við Reykjavíkurborg þann 20. júní síðastliðinn og við ríkið þann 30. ágúst. Þá voru samningar Eflingar við Samninganefnd sveitarfélaganna undirritaðir þann 28. október. Samningarnir gilda allir afturvirkir frá 1. apríl 2024 – 31. mars 2028 og fylgja launhækkningar samningum sem undirritaðir hafa verið á almennum vinnumarkaði. Þá undirrituðu Efling og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu kjarasamning vegna starfsfólks á hjúkrunarheimilum þann 3. október á sambærilegum nótum og aðrir samningar en honum fylgir samkomulag við stjórnvöld um að unnið verði að bættri mönnun á

hjúkrunarheimilum og forsenduákvæði sem heimilar uppsögn samningsins gangi það ekki eftir fyrir 1. maí 2025.

BSRB

Frá 12. júní 2024 hafa flest aðildarfélög BSRB lokið samningum við ríkið, sveitarfélög, Reykjavíkurborg, félög í eigu hins opinbera og sjálfseignarstofnanir. Nokkur aðildarfélög eiga þó eftir að ljúka samningum og tvö félög hafa fellt samninga við ríkið, Landssamband lögreglumanna og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Enn eru því á bilinu 10-15% félaga í aðildarfélögum BSRB með lausa kjarasamninga. Samið var um launahækkanir á sambærilegum nótum og í þeim samningum sem undirritaðir hafa verið á almennum vinnumarkaði. Kjarasamningarnir gilda afturvirkir frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028 nema kjarasamningarnir við opinber fyrirtæki sem gilda afturvirkir frá 1. febrúar 2024 til 31. janúar eða 1. febrúar 2028. Kjarasamningur Félags íslenskra flugumferðarstjóra við Isavia er enn í gildi en hann rennur út í árslok 2024.

BHM

Af 24 aðildarfélögum BHM gera 22 félög kjarasamning við ríkið og 10 við Samninganefnd sveitarfélaganna. Í lok október höfðu fimm aðildarfélög BHM undirritað fjögurra ára kjarasamninga við ríkið, Viska þann 30. júní, Ljósmeðrafélag Íslands 11. júlí, Félag háskólakennara og Félag háskólakennara á Akureyri þann 16. september, og félag sjúkrahjálfa 2. október síðastliðinn. Þá undirrituðu Viska og Samninganefnd sveitarfélaga nýjan kjarasamning þann 10. október og Félag íslenskra hljómlistarmanna þann 18. október. Samningarnir eru allir afturvirkir frá 1. apríl 2024 og gilda til 31. mars 2028 og eru á sambærilegum nótum og þeir samningar sem undirritaðir hafa verið á almennum vinnumarkaði.

Samningum hefur þá verið lokið fyrir um 45% félagsmanna innan aðildarfélaga BHM en kjaraviðræður eru yfirstandandi við önnur félög.

KÍ

Kjarasamningar allra sjö aðildarfélaga Kennarasambands Íslands við ríki og sveitarfélög runnu út á tímabilinu 31. mars – 31. maí 2024 og ná þeir til um 12.000 þúsund félagsmanna. Samningaviðræður standa yfir og hefur öllum kjaradeilunum verið vísað til ríkisáttasemjara. Verkföll hófust í fjórum leikskólum, þremur grunnskólum, einum framhaldsskóla og einum tónlistarskóla þann 29. október og hafa verið boðuð í einum framhaldsskóla til viðbótar þann 18. nóvember og í þremur grunnskólum þann 25. nóvember.

Aðrir hópar

Af öðrum stórum hópum sem standa utan heildarsamtaka má helst nefna að samningum ríkisins við stéttarfélög lækna og hjúkrunarfræðinga er ólokið.

Stytting vinnuvikunnar á opinberum vinnumarkaði

Samið var um styttingu vinnuvikunnar í kjarasamningum á opinberum vinnumarkaði vorið 2020, bæði fyrir dag- og vaktavinnufólk. Markmið breytinganna var gagnkvæmur ávinningur fyrir starfsfólk og vinnustaði. Þar má nefna að bæta vinnustaðamenningu og nýtingu vinnutíma, auka skilvirkni, gæði og öryggi þjónustu og stuðla að bættri heilsu, lífskjörum og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Ekki var þá gerð breyting á vinnutímakafla kjarasamningsins en kveðið á um að fyrir lok samningstímans skyldu aðilar leggja sameiginlegt mat á áhrif breytinganna og ákveða með hvaða hætti vinnutímaákvæði kjarasamnings skyldu vera til framtíðar.

Á samningstímanum, frá 2020 til 2023, fór fram mikil vinna í samstarfi allra heildarsamtaka launafólks og opinberra launagreiðenda við að innleiða og fylgja eftir breytingunum. Í aðdraganda nýrrar samningalotu í upphafi þessa árs var samið um að gera breytingarnar varanlegar með breytingum á kjarasamningum frá 1. nóvember 2024 og er því vinnuvika starfsfólks í fullu starfi á opinberum vinnumarkaði 36 virkar vinnustundir, í stað 40 stunda áður.

Að mestu leyti var verið að festa í sessi þá framkvæmd sem innleidd hefur verið á síðustu árum. Umfangsmestar voru breytingar á ákvæðum um vinnutíma, vaktavinnu, matar- og kaffitíma. Þá er nú meira samræmi á ákvæðum um vinnuskipulag dag- og vaktavinnufólks, en annað markmið með betri vinnutíma var að jafna stöðu þeirra hópa.

4.3. Fjöldi samninga og fjöldi á kjörskrá

Alls voru tæplega 300 kjarasamningar í síðustu kjarasamningslotu sem telst vera frá nóvember 2022 til janúar 2024, sjá nánar í töflu 4.2. og var félagsfólk á kjörskrá stéttarfélaganna tæplega 180 þúsund, sjá nánari í töflu 4.3. Mestu munar þar um 79 samninga aðildarfélaganna ASÍ við Samtök atvinnulífsins þar sem 106 þúsund voru á kjörskrá.

Í yfirstandandi kjarasamningslotu sem hófst í febrúar 2024 hafa verið undirritaðir tæplega 160 kjarasamningar til þessa, sjá nánar töflu 4.4. og var félagsfólk á kjörskrá í þessum samningum um 156 þúsund, sjá nánar töflu 4.6. Áætla má að samningum hafi verið lokið fyrir 80-90% af vinnumarkaðnum öllum í þessari samningalotu.

Tafla 4.2. Áætlaður heildarfjöldi kjarasamninga á vinnumarkaði eftir launagreiðendum og heildarsamtökum

	ASÍ	BHM	BSRB	KÍ	Utan heildarsamtaka	Samtals
Samtök atvinnulífsins	79	4	13	1	13	110
Ríki	7	18	12	1	18	58
Reykjavíkurborg	3	10	2	-	4	19
Sveitarfélög	23	10	17	5	5	60
Aðrir aðilar	15	9	6	6	1	37
Samtals	127	59	57	13	35	293

Skýringar: Byggt á fjölda samþykkrtra kjarasamninga í síðustu samningalotu. Fjöldi kjarasamninga er í einhverjum tilvikum vanmetinn. Reykjavíkurborg er ekki sjálfstæður samningsaðili gagnvart KÍ og semur Samband Íslenskra sveitarfélaga fyrir þeirra hönd.

Tafla 4.3. Fjöldi á kjörskrá samninga eftir heildarsamtökum og launagreiðendum

	ASÍ	BHM	BSRB	KÍ	Utan heildarsamtaka	Samtals
Samtök atvinnulífsins	105.600	0-100	1.600	300	7.100	114.600
Ríki	1.500	7.700	8.000	1.500	4.600	23.300
Reykjavíkurborg	2.100	1.000	5.200	-	100	8.400
Sveitarfélög	6.300	2.000	7.400	9.000	200	25.200
Aðrir aðilar	5.400	300	1.400	400	400	7.900
Samtals	120.900	11.000	23.600	11.200	12.300	179.400

Skýringar: Byggt á fjölda í síðustu samningalotu (2020-2024). Tölur hafa verið námundaðar að heilum hundruð. Fjöldi á kjörskrá er vanmetinn í einhverjum tilvikum. Reykjavíkurborg er ekki sjálfstæður samningsaðili gagnvart KÍ og semur Samband Íslenskra sveitarfélaga fyrir þeirra hönd.

Tafla 4.4. *Fjöldi samþykktra kjarasamninga eftir launagreiðendum og heildarsamtökum í núverandi samningalotu (2020-2028)*

	ASÍ	BHM	BSRB	KÍ	Utan heildarsamtaka	Samtals
Samtök atvinnulífsins	53 ²⁵	4	12	0	12	105
Ríki	4	5	12	0	1	20
Reykjavíkurborg	2	0	2	0	0	4
Sveitarfélög	22	2	12	0	0	36
Aðrir aðilar	4	0	7	0	-	11
Samtals	85	11	45	0	13	154

Tafla 4.5. *Fjöldi samþykktra kjarasamninga og fjöldi á kjörskrá eftir launagreiðendum og heildarsamtökum í núverandi samningalotu (2024-2028).*

	ASÍ	BHM	BSRB	KÍ	Utan heildarsamtaka	Samtals
Fjöldi samninga	85	11	45	0	13	154
Fjöldi á kjörskrá	120.800	4.600	23.000	0	7.700	156.000

Skýringar: Fjöldi kjarasamninga er í einhverjum tilvikum vanmetinn. Reykjavíkurborg er ekki sjálfstæður samningsaðili gagnvart KÍ og semur Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir þeirra hönd.

Tafla 4.6. *Fjöldi á kjörskrá samþykktra kjarasamninga eftir launagreiðendum og heildarsamtökum í núverandi samningalotu (2024-2028)*

	ASÍ	BHM	BSRB	KÍ	Utan heildarsamtaka	Samtals
Samtök atvinnulífsins	106.700 (>99%)	100 (65%)	1.600 (95%)	0 (0%)	7.600 (90%)	116.000 (99%)
Ríki	1.900 (>95%)	3.500 (45%)	7.100 (85%)	0 (0%)	80 (1%)	12.580 (48%)
Reykjavíkurborg	2.400 (>95%)	0 (0%)	5.600 (95%)	0 (0%)	0%	8.000 (95%)
Sveitarfélög	5.300 (>90%)	1.000 (50%)	6.600 (90%)	0 (0%)	0%	12.900 (45%)
Aðrir aðilar	4.500 (>80%)	0 (0%)	2.000 (90%)	0 (0%)	-	6.500
Samtals	120.800 (>98%)	4.600 (45%)	23.000 (90%)	0 (0%)	7.700	156.000 (~85%)

Skýringar: Áætlað hlutfall launafólks sem samið hefur verið fyrir í núverandi samningalotu.

²⁵ Fjöldinn miðar alla jafna við fjölda atkvæðagreiðslna, 17 félög SGS annarsveggar og hinsveggar 9 félög Samiðnar greiddu sameiginlega atkvæði um aðalkjarasamninga í þessari lotu. Í síðustu lotum hafa atkvæðagreiðslur þessara félaga ekki verið sameiginlegar sem endurspeglast í hærri fjölda samninga í töflu 4.2.

5.


Laun eftir heildarsamtökum

5.1. Inngangur


Í kaflanum eru teknar saman upplýsingar úr skýrslunni um fjölda á kjörskrá í samþykktum kjarasamningum í núverandi kjarasamningslotu ásamt áætluðu hlutfalli launafólks sem samið hefur verið fyrir, dreifing launa (grunnlaun, regluleg laun og regluleg heildarlaun) í maí 2024 eftir mörkuðum og samsetning reglulegra heildarlauna í maí 2024 eftir mörkuðum. Einnig er gerð grein fyrir breytingu grunntímakaups það sem af er núverandi kjarasamningslotu frá febrúar 2024 til júlí 2024. Upplýsingar eru settar fram fyrir ASÍ, auk iðn- og tæknifólks, verslunarfólks og verkafólks innan ASÍ, BHM, BSRB og KÍ.

5.2. ASÍ


Mynd 5.1. *Fjöldi á kjörskrám í samþykktum samningum ASÍ í núverandi kjarasamningslotu (2024-2028) og áætlað hlutfall launafólks sem samið hefur verið fyrir*




Mynd 5.2. Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi hjá ASÍ í maí 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna



Mynd 5.3. Dreifing grunnlauna og reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá ASÍ í maí 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna



Mynd 5.4. Samsetning reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá ASÍ í maí 2024, mánaðarlaun í þúsundum króna




Tafla 5.1. Breyting grunntímakaups hjá launafólki ASÍ frá febrúar 2024 til júlí 2024 eftir mörkuðum


Hópur	Markaður	Alls	Karlar	Konur
Alls	Almennur markaður	5,2%	5,1%	5,4%
Iðn- og tæknifólk	Almennur markaður	5,2%	5,2%	5,8%
Verslunarfólk	Almennur markaður	4,8%	4,6%	5,0%
Verkfólk	Almennur markaður	5,9%	5,7%	6,4%
Alls	Ríki	3,8%	3,2%	4,4%
Alls	Reykjavíkurborg	5,3%	5,0%	5,4%
Alls	Sveitarfélög utan RVK	2,4%	2,4%	2,4%

5.3. BHM


Mynd 5.5. Fjöldi á kjörskrár í samþykktum samningum BHM í núverandi kjarasamningslotu (2024-2028) og áætlað hlutfall launafólks sem samið hefur verið fyrir




Mynd 5.6. Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi hjá BHM í maí 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna



Mynd 5.7. Dreifing grunnlauna og reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá BHM í maí 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna



Mynd 5.8. Samsetning reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá BHM í maí 2024, mánaðarlaun í þúsundum króna




Tafla 5.2. *Breyting grunntímakaups hjá launafólki BHM frá febrúar 2024 til júlí 2024 eftir mörkuðum*


Markaður	Alls	Karlar	Konur
Almennur markaður	4,8%	4,6%	5,1%
Ríki	1,5%	1,4%	1,5%
Reykjavíkurborg	0,5%	0,4%	0,5%
Sveitarfélög utan RVK	0,7%	1,2%	0,6%

5.4. BSRB


Mynd 5.9. Fjöldi á kjörskrár í samþykktum samningum BSRB í núverandi kjarasamningslotu (2024-2028) og áætlað hlutfall launafólks sem samið hefur verið fyrir




Mynd 5.10. Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi hjá BSRB í maí 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna



Mynd 5.11. Dreifing grunnlauna og reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá BSRB í maí 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna



Mynd 5.12. Samsetning reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá BSRB í maí 2024, mánaðarlaun í þúsundum króna




Tafla 5.3. *Breyting grunntímakaups hjá launafólki BSRB frá febrúar 2024 til júlí 2024 eftir mörkuðum*

Markaður	Alls	Karlar	Konur
Almennur markaður	6,1%	6,4%	5,4%
Ríki	4,7%	3,8%	5,2%
Reykjavíkurborg	5,0%	5,1%	5,0%
Sveitarfélög utan RVK	5,2%	4,9%	5,3%


5.4. KÍ

Mynd 5.13. *Hlutfall launafólks innan KÍ sem samið hefur verið fyrir*




Ósamið


Mynd 5.14. *Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi hjá KÍ í maí 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna*



Mynd 5.15. *Dreifing grunnlauna og reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá KÍ í maí 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna*



Mynd 5.16. Samsetning reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá KÍ í maí 2024, mánaðarlaun í þúsundum króna



Tafla 5.4. Breyting grunntímakaups hjá launafólki KÍ frá febrúar 2024 til júlí 2024 eftir mörkuðum

Markaður	Alls	Karlar	Konur
Ríki	0,2%	0,2%	0,2%
Reykjavíkurborg	0,1%	0,0%	0,0%
Sveitarfélög utan RVK	0,3%	0,3%	0,3%

Viðauki I

Atvinnugreinaflokkun

Í köflum 2-3 er efnahagsstarfsemi og vinnumarkaði skipt eftir atvinnugreinum. Atvinnugreinaflokkun byggir á meðfylgjandi skiptingu.

Hið opinbera:

- Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar (O)
- Fræðslustarfsemi (P)
- Heilbrigðis- og félagsþjónusta (Q)

Iðnaður og byggingarstarfsemi:

- Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu (B)
- Framleiðsla (C)
- Rafmagns-, gas- og hitaveitur (D)
- Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun (E)
- Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F)

Ferðapjónusta¹:

- Flutningar og geymsla (H)
- Rekstur gististaða og veitingarekstur (I)
- Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta (N)

Þjónusta án ferðapjónustu:

- Upplýsingar og fjarskipti (J)
- Fjármála- og váttryggingastarfsemi (K)
- Fasteignaviðskipti (L)
- Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi (M)
- Viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota (S95)

Verslun:

- Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum (G)

¹ Hér er byggt á víðari skilgreiningu á ferðapjónustu en skilgreining Hagstofunnar á einkennandi greinum ferðarþjónustu.

Sjávarútvegur:

- Fiskveiðar og fiskeldi (A03)
- Fiskvinnsla (undir C10-12): Hagstofan birtir ekki vinnumagn sérstaklega fyrir fiskvinnslu. Á myndum 1.11 og 2.9 er fiskvinnsla skráð undir iðnaði og byggingarstarfsemi þar sem fiskvinnsla er undir framleiðslu (C). Á myndum 1.4 og 1.13 er fiskvinnsla undir sjávarútvegi.

Annað:

- Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar (A), utan fiskveiðar og fiskeldi (A03)
- Menningar-, íþróttá- og tómstundastarfsemi (R)
- Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi (S), utan viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota (S95)
- Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og vöruframleiðsla til eigin nota (T)
- Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt (U)

Viðauki II

Gögn um laun og launaþróun

Kjaratölfræðinefnd byggir umfjöllun sína á sérvinnslu launagagna þar sem tekið er mið af aðferðum og skilgreiningum Hagstofunnar við gerð opinberrar launatölfræði. Sem fyrr miðast þó launabreytingar við grunntímakaup, Hagstofa Íslands gefur út vísitölu grunnlauna sem er sambærileg en launavísitala Hagstofunnar byggir á reglulegu tímakaupi. Gögn yfir launastig taka einungis til fullvinnandi en launaþróun tekur til launaupplýsinga fullvinnandi og í hlutastarfi. Nefndin birtir sundurliðun eftir samtökum og mörkuðum sem er meira niðurbrot en í opinberri launatölfræði. Þessar áherslur eru í samræmi við það meginhlutverk nefndarinnar að styðja aðila vinnumarkaðarins við undirbúning kjarasamninga og mat á áhrifum þeirra.

Vinnumarkaðnum er skipt í fernt: Almennan markað, ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög. Niðurstöður eru sýndar fyrir fjögur heildarsamtök launafólks á hverjum þessara markaða; Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Bandalag háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasamband Íslands (KÍ). Niðurstöður um Alþýðusamband Íslands á almennum vinnumarkaði ná til félagsfólks innan Starfsgreinasambandsins (SGS), Eflingar, Landssambands íslenskra verzlunarmanna (LÍV) og félagsfólks stéttarféлага iðnaðarmanna innan ASÍ (iðn- og tæknifólk) ásamt Leiðsögn og Flugfreyjufélagi Íslands. Launagögn KTN ná ekki til Sjómannasambands Íslands. Á almennum vinnumarkaði er ASÍ hópnun skipt í þrennt í verkafólk (SGS og Efling), verslunarfólk (LÍV) og iðn- og tæknifólk (Samiðn, Rafiðnaðarsamband Íslands, VM og MATVÍS). Jafnframt eru birtar niðurstöður fyrir þessa þrjá stóru hópa á almennum vinnumarkaði, þ.e.a.s. SGS, LÍV og ASÍ-iðnfélög.

Meginviðsemjendur stéttarféлага eru Samtök atvinnulífsins (SA), Samband íslenskra sveitarféлага (Sveitarfélög utan Rvk.), Reykjavíkurborg og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins (Ríki). Aðildarfélag ASÍ, BSRB, BHM og KÍ gera kjarasamninga við alla fulltrúa launagreiðenda, en vægi þeirra er mjög mismunandi. Í skýrslunni eru ekki birtar upplýsingar um félagsmenn aðildarféлага KÍ á almennum vinnumarkaði, en þeir eru fáir og er ekki að finna í launagögnum Hagstofu Íslands. Þá nær gagnasafnið ekki heldur til sjómanna. Launagögn byggja á launarannsókn Hagstofunnar þar sem upplýsingum er safnað mánaðarlega með úrtaki fyrirtækja, sveitarféлага og stofnana með tíu eða fleira starfsfólk. Rannsóknin nær til stærsta hluta vinnumarkaðar, eða um 85% af heildarfjölda launafólks, þó enn séu atvinnugreinar utan rannsóknar. Nánari upplýsingar um rannsóknin má finna hér (sjá bls. 11-22).

Gögn Hagstofu Íslands ná þannig einnig til félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka og launafólks sem stendur utan stéttarféлага. Kjaratölfræðinefnd er skipuð stærstu samningsaðilum vinnumarkaðar sem endurspeglar umfjöllunina. Gögn fyrir alla hópa, einnig þá sem standa utan heildarsamtaka og utan stéttarféлага, eru birt á vef Kjaratölfræðinefndar (<https://www.ktn.is/gagnasafn-og-fleira>).

Viðauki III

Skilgreining helstu launa- og tekjuhugtaka

Fullvinnandi er sá sem fær greidd laun fyrir vinnustundir (þ.e. fyrir dagvinnu og vaktavinnu) sem eru a.m.k. 90% af mánaðarlegri dagvinnuskyldu. Einstaklingur sem ekki nær 90% lágmarkinu telst vera í hlutastarfi. Dagvinnuskylda getur verið mismunandi eftir kjarasamningum.

Grunnlaun eru greidd dagvinnulaun fyrir umsaminn vinnutíma án launaauka. Grunn tíma kaup eru dagvinnulaun á hverja greidda stund, án launaauka.

Í þeim tilfellum sem launafólk hefur gert fastlaunasamninga eru öll greidd laun færð sem grunnlaun í launakerfum, þar sem ekki er haldið utan um yfirvinnu-greiðslur eða aðrar launagreiðslur í slíkum samningum. Fastlaunasamningar finnast í öllum starfsstéttum en eru algengastir hjá stjórnendum og sérfræðingum.

Regluleg laun eru greidd mánaðarlaun fyrir umsaminn vinnutíma, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Þau eru umreiknuð í fullt starf ef greiddar stundir í dagvinnu eða vaktavinnu eru lægri en dagvinnuskylda. Meðtaldar í þessum launum eru hvers konar launaaukar, án tilfallandi yfirvinnu, sem gerð er upp á hverju útborgunartímabili.

Við útreikninga er hvorki tekið tillit til uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna né annarra óreglulegra greiðslna. Reglulegt tímakaup eru regluleg laun (hvort sem er dagvinna eða vaktavinna) á hverja greidda stund.

Við samanburð á reglulegum launum milli hópa þarf að hafa í huga að í störfum þar sem fastlaunasamningar eru algengir eða föst yfirvinna, þá er ekki sérstaklega haldið utan um yfirvinnugreiðslur. Í þeim tilfellum sem launafólk hefur gert fastlaunasamninga eru öll greidd laun færð sem grunnlaun í launakerfum og eru þær greiðslur því hluti af reglulegu launum. Fastlaunasamningar finnast í öllum starfsstéttum en eru algengastir hjá stjórnendum og sérfræðingum.

Hugtakið **launaauki** er ný skilgreining kjaratölfræðinefndar á ýmsum álagsgreiðslum og bónusum sem gerðir eru upp á hverju útborgunartímabili, oftast mánaðarlega. Vaktaálag og afkastahvetjandi bónusar eru hluti þeirra fjölmörgu launaliða sem valda því að munur er á grunnlaunum og reglulegum launum. Umfangsmest í launaauka eru vaktaálagsgreiðslur. Í fyrri skýrslum, og í skilgreiningum Hagstofu, er munur grunn- og reglulegra launa skilgreindur sem álag og bónusar

Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum tilfallandi yfirvinnulaunum. Ekki er tekið tillit til uppgjörs vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.

Heildarlaun eru regluleg heildarlaun að viðbættu uppgjöri vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.